A = Vatnsagi / blautt umhverfi
 B = Legur
 C = Litur
 E = Orkusparandi
 G = Gírar
 M = Verksmiðjuvél
 P = Hár þrýstingur
 R = Skrúfupressa
 T = Hátt hitastig
 V = Alhliða notkun
 W = Snigildrif
 X = Mjög erfið skilyrði

Vökvakerfisoliur	ISO	Seigja cSt		Seigju- tala	Blossamark CoC°C	Rennslis- mark °C
		40°C	100°C			
Tellus S3 M (hét áður Tellus S) Hágæða langtíma vökvakerfisolia HLP fyrir iðnaðarvélar og skylda notkun. Tellus S3 M er án Zinc bætiefna og ver mjög vel gegn tæringu og sliti. Hentar einnig fyrir skip, báta og aðrar vinnuvélar þar sem mælt er með notkun á ISO HM gerð. <i>Gæðastaðlar: Denison Hydraulics HF-0, HF-1 og HF-2 Eaton Vickers (B 694), MAG (Cincinnati Machine) P-68 (ISO 32 og 46) P-69 (ISO 68), ISO 11158 HM fluids DIN 51524-2 (HLP olíur) ASTM 6158 (HM), SS 15 54 34 M.</i>	32 46 68	32 46 68	5,5 6,8 8,9	105 105 103	215 220 235	-33 -33 -33
Tellus S2 V (hét áður Tellus T) Gæða vökvakerfisolia HVLP fyrir vinnuvélar, bifreiðar, skip og ýmsan vélbúnað sem vinnur við erfið skilyrði svo sem hita / kulda og raka, olían hentar einnig á gíra og annan búnað sem ekki krefst EP olíu. Olían er efnabætt og ver mjög vel gegn sliti, ryði og súrnun, losar loft auðveldlega. <i>Gæðastaðlar: Denison Hydraulics HF-0, HF-1 og HF-2 Cincinnati Machine P-68 (ISO 32) P-70 (ISO 46) P-69 (ISO 68), Eaton Vickers I-286S, Sweden Standard SS 15 54 34 AM, ISO 11158 (HV), AFNOR NF_E 48-603, ASTM 6158-05 (HV), DIN 51524-3 (HVLP) GB 111181-1-94 (HV) Sjá nánar tækniblað.</i>	15 32 46 68 100	15 32 46 68 100	3,7 6,1 7,9 10,5 14	142 143 143 142 142	170 210 225 225 225	-42 -39 -39 -36 -33
Tellus S4 VX (hét áður Tellus Arctic) Sérhæfð vökvakerfisolia HVLP fyrir kulda og miklar sveiflur í umhverfishitastigi. Hún er mjög hitapólin og er því jafnvíg vetrar- og heilsársolia. Hún er vaxlaus og hætta á froststíflum í síum þess vegna í lágmarki. Shell Tellus S4 VX 32 er efnabætt gegn súrnun, tæringu, sliti og skúm-myndun. Góðir viðnámseiginleikar. Tellus S4 VX hentar vel þegar tæki eru notuð í stuttan tíma í senn í miklum kulda. Ekki ætti að nota Shell Tellus S4 VX á kerfi sem vinna stöðugt og við mikinn vinnuhita. Olían er zinkfrí. Vinnusvið: -30°C - +75°C. <i>Gæðastaðlar: Komatsu hydraulic (cold arctic -50 °C til 35°C) Deitz Company. Sjá nánar tækniblað.</i>	32	33,8	9,9	300	>100	-60
Aeroshell Fluid 41 Þunn vökvakerfisolia byggð á jarðefnaolíu, sérstaklega hreinsuð. Ætluð í mælitæki eða í vökvakerfi þar sem krafist er lítilla og fínna hreyfinga. Vinnusvið allt að -54°C til + 135°C <i>Gæðastaðlar: DIN 51524 HVLP, ISO-L-HV, NATO H 515- (H520), MIL-L-5606H.</i>	15	14,1	5,3	214	105 (PMCC)	-60



Lífræn niðurbjótanleg vökvakerfisólía	ISO	Seigja cSt		Seigju-tala	Blossamark Co°C	Rennslis-mark °C
		40°C	100°C			
Naturelle HF-E Naturelle HF-M er gerð úr blöndu af synþetískum esterum og jurtaolíu með bætiefnum gegn sliti, tæringu og súrnun. Synþetíska olían minnkar hættu á límkennndum útfellingum, dæmigerðum fyrir hreinar jurtaolíur. Shell Naturelle HF-E er lífræn niðurbjótanleg olía til notkunar utanhúss sem innan. Sérstaklega er mælt með olíunum í vinnuvélum sem notaðar eru í viðkvæmu umhverfi, þegar draga skal úr skaðlegum áhrifum vegna leka út í umhverfið. Hvorki er mælt með þessum olíum á vökvakerfi sem vatn getur komist í né á skiptingar með olíubaðsbremsum ef þær eru ekki viðurkenndar af vélaframleiðandanum. Þegar skipt er frá jarðefnaolíu leysa Naturelle olíurnar útfellingar sem fyrri jarðefnaolíur kunna að hafa myndað. Þegar skipt er um olíu er mikilvægt að tappa eldri oliunni vel af kerfinu þannig að ekki verði eftir meira en 1% af jarðefnaolíunni. Best er að skola kerfið með dálitlu af nýju oliunni til þess að losna við vandamál vegna skúmmyndunar og stíflu í síum í byrjun. Olíurnar geta valdið tæringu á zínkhúðum hlutum. Vinnusvið: -25°C - +70°C. Gæðastaðlar: EATON VICKERS M- 2950 s OG I 286 S ISO 15380 , VDMA 24568 G_HEES, Swedish Standard SS 15 54 34 (SP). Olían er grænlituð. Sjá nánar tæknilað.	32 46 68	32 47,2 67,7	7,22 9,41 12,1	196 188 183	246 322 320	-42 -42 -42
Eldhemjandi vökvakerfisólía						
Irus Fluid DU Irus Fluid DU er háþróuð synþetísk eldhemjandi vökvakerfisólía byggð á lífrænum esterum. Irus Fluid DU er umhverfisvæn olía með góðri tæringar- og slitvörn. Vinnu-hitastig allt að 120°C í stuttan tíma. Gæðastaðlar: ISO-L-HFDU (6743/4), ISO 12922 staðall fyrir eldvörn. Vökvakerfisolíuflokkur HFDU. Eaton Brochure 694 European Communities, sjá tæknilað.	46	48,7	9,6	187	320	-36
Keðjusinging						
Gadus S3 Wirerope T (hét áður Malleus HDX): Bls. 29, feiti eða spreng í grófari keðjur. Advance Chain Ultra: Bls. 12, spreng í finni keðjur (mótorhjól). Naturelle Chain SM: Bls. 14, olía fyrir keðjur (sagir o.fl.).						
Vængja- og verkfæraolía						
Tonna S3 M (hét áður Tonna S): Alhliða olía fyrir ýmis verkfæri og tæki, spindla, gíra, sleða og einnig sem vökvakerfisólía. Olían vinnur gegn skrikun (stick-slip) á sleðum. Gæðastaðlar: ISO 11158 / ISO 6743-4 HM og HG, ISO 12925-1 / ISO 6743-6 CKC, ISO 19378 / ISO 6743-13 GA og GB, DIN CGLP, Cincinnati Machine P 50 (ISO 220) P-47 (ISO 68).	32 68 220 	32 68 220	5,4 8,6 19,1	100 98 98	215 225 250	-30 -24 -15

Kælivélaolíur	ISO	Seigja cSt		Seigju- tala	Blossamark CoC°C	Rennslis- mark °C
		40°C	100°C			
Refrigeration Oil S2 FR-A (hét áður Clavus SP) Olía fyrir kælivélar byggð á náttúrulegum grunni, með lágt vaxinnihald, sérstaklega ætluð fyrir ammóníak. R717. Olían hefur lágt rennslismark og mjög góða smureiginleika. Ekki ætlað fyrir CFC, HCFC og HFC kælimiðla (R 12, R22 og R134a). Gæðastaðlar: DIN 51503KAA og KE.	46 68	46 68	6,7 9,0	- -	218 232	-39 -39
Refrigeration Oil S4 FR-F (hét áður Clavus R) Synþetisk olía fyrir kælivélar, ætluð á opnar og hálf-opnar hermitískar kælipressur, sem vinna með R134a og öðrum HFC kælimiðlum. Gæðastaðlar: DIN 51503 KD.	32 46 68 100	31 42 66 94	6 6,2 8,8 10,7	- - - -	220 230 230 230	-54 -48 -42 -42
Refrigeration Oil S4 FR-V (hét áður Clavus AB) Shell Clavus AB er synþetisk smurolía fyrir kæli- og frystipressur gerð úr hágæða basískum benzenum. Mælt er með henni á flestar gerðir af kæli- og frystipressum, bæði stimpil- og hverfipjöppur, en hæfir sérstaklega pressum sem nota kælimiðlana - R22 (Halogen-auðguð kolvetni) - R717 (Ammoníak). R744, R12, R22 og R 290. Gæðastaðlar: DIN 51503 KAA, KC.	32 46 68 100	29 46 68 107	4,1 5,3 6,2 7,2	- - - -	180 180 190 200	-45 -42 -39 -36
Loftþjöppuolíur og suguolíur	ISO	Seigja cSt		Seigju- tala	Blossamark CoC°C	Rennslis- mark °C
		40°C	100°C			
Corena S2 P (hét áður Corena P) Sveifarhússolía fyrir stimpil- og dropasmurðar spjaldþjöppur. Olían er byggð á jarðefnaolíu, efnabætt gegn súrnun, ryðmyndun, sliti og heldur útfellingum í lágmarki. Ath. notist ekki á dælur sem gefa loft fyrir öndun nema loftið sé sérstaklega hreinsað fyrir öndunarbúnað. Gæðastaðlar: ISO 6743-3A: DAA Normal Duty.	68 100 150	68 100 155	7,8 9,2 12,1	- - -	235 240 240	-33 -33 -30
Corena S4 P (hét áður Corena AP) Corena S4 P eru synþetískar langtíma olíur með estera-grunnefni í hæsta gæðaflokki, efnabættar gegn sliti, súrnun, skúmmyndun og tæringu. Olíurnar eru gerðar til að standast niðurbrotnun og hindra koksútfellingar í ventla- og blástursloftkerfum við sérlega háan þrýsting og hita á blástursloftinu. Koksútfellingar ásamt ryðgnum og heitu blásturslofti geta í sérstökum tilvikum valdið bruna- og sprengihættu. Corena S4 P vinnur gegn þeirri hættu. Notkun: Vinnuhiti samþjappaða loftsins >220°C. Gæðastaðlar: DIN 51506 VDL ISO / DP 6521-L-DAB medium Duty, ISO 6743-3: 2003 DAB, EN 12021.	68 100	68 100	8,5 10,2	- -	250 260	-51 -39
Corena S2 R (hét áður Corena D) Corena S2 R er gerð úr mikið hreinsuðum náttúrulegum olíum með bætiefnum gegn sliti, súrnun, tæringu og skúmmyndun. Olían er einnig efnabætt til að hindra útfellingar og koksmyndun á ventlum og í blásturskerfi þrýstiloftsins. Olían skilur vatn vel frá sér og hindrar stíflu- og þeytumyndun í skiljunni. Notkun: Vinnuhiti samþjappaða loftsins >100°C og 15bör. Gæðastaðlar: ISO 6743-3A - DAB. Sjá nánar tækniblað.	46	46	6,9	-	230	-33

R22	R134a	R 717	R 290
Hydrochlorofluorocarbon (HCFC)	Hydrofluorocarbon (HFC)	Ammonia (NH ₃)	Propane
Refrigeration Oil S4 FR-V	Refrigeration Oil S4 FR-F	Refrigeration Oil S4 FR-V	Refrigeration Oil S4 FR-V
		Refrigeration Oil S2 FR-A	Refrigeration Oil S2 FR-A

Loftþjöppuolíur og suguolíur	ISO	Seigja cSt		Seigju- tala	Blossamark CoC°C	Rennslis- mark °C
		40°C	100°C			
Corena S4 R (hét áður Corena AS) Corena AS eru synþetiskar olíur með bætiefnum gegn sliti, súrnun, skúmmyndun og tæringu. Olíurnar verjast súrnun betur og endast lengur en loftþjöppuolíur úr jarðefnaolium. Ending allt að 8000-12000 klst. Tilhneiging til koksútfellinga og slammsöfnunar á ventlum og í öðrum hlutum þrýstilofts-kerfisins er einnig minni. Corena S4 R er órokgjarnari en hefðbundnar jarðefnaolíur. Minna af olíu fer því inn í þrýsti-loftskerfið, sem veldur því að síur og þrýstiloftsleiðslur haldast hreinni. Olíurnar blandast algjörlega við jarðefnaolíur. Notkun: Vinnuhiti samþjappaða loftsins >100°C og 25 bör. Gæðastaðlar: ISO 6743-3A-DAJ. Sjá nánar í tækniblaði. Einnig viðurkennt af ABB túrbínuframleiðanda á túrbínur fyrir dieselvélar	46 68	46 68	7,7 10,2	135 135	230 248	-45 -45
Vacuum Pump oil S2 R (hét áður Corena V) Sérhreinsuð smurolía fyrir vacuumdælur. Er byggð á jarðefnaolíu sem er efnabætt til að varna tæringu og súrnun. Vinnusvið, undirþrýstingur allt að 0,0001 mBar 0 til 100 °C. Gæðastaðall: ISO 6743-3A-DVC.	100	108	11,8	-	265	-9
Ryðvarnarolíur, geymsluolíur	ISO	Þornar á	Aðferð	Þvoist af með	Vatns-ryðjandi	Blossa- mark °C
Ensis DW 1262 Þunn ryðvarnarolía fyrir véla- og tækjahluti sem á að geyma. Olíufilman þornar, hrindir frá sér vatni og ver gegn ryði og tæringu. Endist u.þ.b. 12 mánuði innandyr og 3 mánuði utandyr.	2,8	-	Penslun Sprauta ídyfing	White spirit	Já	67
Ensis DW 2462 Meðalþykk ryðvarnarolía með svipaða virkni og 1262 nema ending utandyr er ca 9-12 mánuðir og innandyr ca 24 mån. Gæðastaðall: ISO-L-RFF	31					
Loftverkfæri	ISO	Seigja cSt		Seigju- tala	Blossamark CoC°C	Rennslis- mark °C
		40°C	100°C			
Shell Air Tool Oil S2 A (hét áður Torcula) Olía á þokusmurtæki fyrir ýmis loftverkfæri eða loftstýrikerfi sem krefjast smurmiðils í ventla, stimpla og loka. Einnig í loftborun og á hamra. Gæðastaðlar: ISO 6743-11 PAC og PBC. Sjá einnig tækniblað.	32 100	32 100	5,4 11,5	102 102	208 241	-30 -24

Sjá „Val á loftþjöppuolíu“, flokkun þjöppugerða og sundurliðun DIN og ISO flokka á næstu blaðsíðu.



Hátt hitastig



Fóðringar



Hreyfanleg loftpressa



Verksmiðjuvélar



Loftpressa


Tákn lyklar Corena

P = Háþrýstar / stimpilpressur
R = Skrúfu- eða spjaldapressur

Val á loftþjöppuolíu

Eftirfarandi flokkun þjöppugerða ásamt DIN og ISO flokkum er undirstaða meðmæla framleiðandans um réttu olíuna. Auk upplýsinga um hitastig og þrýsting sem felast í stöðlunum eiga einnig að fylgja leiðbeiningar um seigju olíunnar (ISO-VG).

Algengustu þjöpputegundir




DIN 51506 norm fyrir stimpilþjöppur		
	Fyrir loftþjöppur farartækja þar sem þrýstiloftið er notað á t.d. bremsukerfi og önnur loftknúin kerfi	Fyrir loftþjöppur sem tengar eru kútum eða lagna-kerfi
	Úttaksloftthiti	Þjöppunarhitastig
VB/VBL*	Að 140°C	Að 140°C
VC/VCL*	Að 220°C	Að 160°C
VDL	Að 220°C	Að 220°C
* Viðbótarbókstafurinn „L“ merkir að olían sé efnabætt.		

Sundurliðun ISO flokka fyrir stimpilþjöppur			
Álag	Flokkur	Notkun	Rekstrarskilyrði
Létt	DAA	Með köflum Stöðug	Nægileg kæling á milli keyrslukafla A) Úttaksloft P < 10 bar, T < 160°C, þjöppunarhlutfall X3 eða B) Úttaksloft P > 10 bar, T > 140°C, þjöppunarhlutfall X3
Eðlilegt	DAB	Með köflum Stöðug	Nægileg kæling á milli keyrslukafla A) Úttaksloft P < 10 bar, T < 160°C, þjöppunarhlutfall X3 eða B) Úttaksloft P > 10 bar, T > 140°C, þjöppunarhlutfall X3
Þungt	DAC	Með köflum eða stöðug	Venjulega, við skilyrðin A), B) eða C), eða þegar kolun verður, er hægt að mæla með olíu af DAB-flokki.

Sundurliðun ISO flokka fyrir hverfiþjöppur		
Álag	Flokkur	Rekstrarskilyrði
Létt	DAG	Úttaksloft T < 90°C, P < 8 bar
Eðlilegt	DAH	Úttaksloft T < 100°C, P 8–15 bar eða úttaksloft T = 100°C ... 110°C, P < 8 bar
Þungt	DAJ	Úttaksloft T > 100°C, P < 8 bar eða úttaksloft T > 100°C, P 8–15 bar eða úttaksloft P > 15 bar

Olíur fyrir matvælaiðnað	ISO	Seigja cSt		Seigju-tala	Blossamark CoC°C	Rennslis-mark °C
		40°C	100°C			
Shell Cassida er samnefni á röð synþetískra, hágæða lyktar- og bragðlausra smurefna sem eru sérþróuð fyrir matvælaiðnaðinn og eru notuð þar sem smurefni getur komist í lítilsháttar snertingu við matvæli vegna leka. Shell Cassida smurefni hafa meiri gæði, betri smureiginleika og endist lengur en vörur sem eru viðurkenndar fyrir matvælaiðnaðinn og eru gerðar úr lyfjahvítolím. Öll Cassida smurefnin eru viðurkennd gagnvart staðlinum US FDA Group 21 CFR 178.3570, NSF H1 (Lubricants with incidental food contact). Öll Cassida smurefnin eru fullkomlega blandanleg smurefnum úr jarðolíu og hafa ekki áhrif á olíuþolin pakkningaefni.						
Cassida Chain Synþetísk keðjuolía og er sérstaklega ætluð til að smyrja keðjur þar sem hættu er á að olían geti komist í snertingu við matvæli. US FDA Group 21 CFR 178.3570, NSF H1. Ath. ekki lagervara. Notkun: Hitasvið -30°C - + 150°C	150 1000 Spray	150 1000	19 80,6	- -	260 268	-54 -36
Cassida GL Gírolía úr PAO (fjölliðu-) grunnolíu. Sérstaklega ætluð fyrir lokaða gíra í matvælaframleiðslu. Ver gegn sliti og tæringu. Gæðastaðlar: DIN CLP 51517-3, ISO 6743/6 L-CKD, FZG 12.	220 320 460	220 320 460	25 33,4 43,8	143 147 140	276 278 270	-48 -45 -45
Cassida HF Synþetísk fjölnota vökvakerfisólía sérstaklega framleidd fyrir matvælaiðnaðinn. Cassida HF 68 hentar einnig á vacuum-dælur sem krefjast SAE 68. Gæðastaðlar: BS 6413-4, DIN 51524 HLP-2/HVLP-2, ISO HM 6743/4, DIN 51517-3 CLP, DIN 51506 VCL/VBL, FZG 12.	15 32 46 68	15 32 46 68	3,6 6,1 7,9 10,5	125 140 142 143	200 222 248 258	-60 -60 -64 -60
Cassida Fluid CR Hágæða synþetísk loftþjöppuolía ætluð á skrufupjöppur (ekki stimpilþjöppur) sem vinna í matvælaframleiðslu. Mengar ekki loft með lykt. Gæðastaðlar: DIN 51506 VCL.	46	46	8,0	148	252	-57
Öll Cassida smurefni eru viðurkennd af NSF International (National Sanitation Foundation) sem H1 smurmiðill. Sjá einnig bls. 28: Smurfeiti fyrir matvælaiðnað.						




Lofthitastig 0-0,2 m/s	3-5 m/s	8-10 m/s	1 1-14 m/s	14-17 m/s
20°C	16°C	14°C	13°C	12°C
15°C	10°C	7°C	5°C	4°C
10°C	4°C	0°C	-2°C	-4°C
5°C	-2°C	-7°C	-9°C	-11°C
0°C	-8°C	-14°C	-17°C	-19°C
-5°C	-14°C	-21°C	-24°C	-27°C
-10°C	-20°C	-29°C	-32°C	-35°C
-15°C	-26°C	-36°C	-39°C	-43°C
-20°C	-32°C	-43°C	-47°C	-51°C

Dálkurinn lengst til vinstri sýnir hitastig í logni (0-0,2 m/s). Skynjaður hiti er þar jafn raunverulegum hita. Hinir dálkarnir sýna skynjaðan hita miðað við meirri vind eða meirri hraða.

Þessar upplýsingar sem koma fram í töflunni eru viðmiðum og byggja ekki á traustum grunni og eru ekki staðlaðar.

Skurðarolía (ekki vatnsþynnanleg)		Seigja cSt		Seigju- tala	Blossamark CoC°C	-
		40°C	100°C			
Garia 405 M-32 Alhliða skurðarolía fyrir léttari algenga vinnslu á málmum og minna hertu stáli eins og að bora, renna og fræsa ásamt tannhjólaskurði. Garia 405M-32 inniheldur bætiefni sem dregur úr myndun olíuúða. Lengir líftíma skurðarverkfæra. (vegna brennsteinsinnihalds er mögulegt að málmurinn taki vott af gulum lit.) Litur: gulur.	-	32	-	-	200	CU Corrosion Test 4a
Garia 601M -12 Skurðarolía fyrir stál, ryðfrítt stál, austenitic stál, ál- og málmblöndur. Olían hentar við alla málmvinnslu, fræsingu, snittun og sögun. Inniheldur EP bætiefni. Hentar vel í stór og erfið verk. Litur ljósbrúnn. Gæti litað málm lítillaga með vott af gulu.	-	12	3,1	-	200	CU Corrosion Test 4a
Skurðarolía (vatnsþynnanleg)						
Dromus B Háprúð mjög stöðug, vatnsblandanleg olía. Til kælingar við flesta vinnslu málma og er þá blönduð vatni. Einnig til tæringarvarnar, blönduð í kælivatn vatnskældra véla og í miðstöðvarkerfum. Blöndunarhlutföll: • Almenn vinnsla 6-8% • Erfið vinnsla 8-12% • Geymsluhitastig 5-40°C, má ekki frjósa						
Skurðar- og málmvinnsluolíur Hlutverk skurðarolíunnar er að flytja hita frá verkfæri/vél, smíðastykki og spónum, smyrja verkfærið til að minnka viðnám og hita sem myndast þegar skurðarflötur vélarinnar skefur upp spæni, verja verkfæri og smíðastykki gegn tæringu, skola spæni burt frá smíðastykkinu. Skurðarolíum má skipta í þrjá aðalflokka: • Þeytumyndandi olíur (emulsion-), vatnsgrunnur • Synþetiskar olíur, vatnsgrunnur • Hreinar skurðarolíur, ekki vatnsgrunnur Þeytumyndandi (emulsion-) skurðarolíur eru blandaðar með vatni fyrir notkun og mynda stöðuga olíu-vatns þeytu, þar sem olían dreifist í vatninu í formi örfínna dropa. Skurðarolíuþeyta hefur mjög góða kælieiginleika, en smureiginleikar eru tiltölulega slakir án háþrýstibætiefna. Ryðvarnarbætiefni verja vélar og smíðastykki gegn tæringu. Synþetiskar skurðarolíur, með vatn sem grunnefni, eru tær, vatnsleysanleg kemísk efni sem eru þynnt með vatni í æskileg hlutföll fyrir notkun. Einnig eru í þeim háþrýsti- og ryðvarnarbætiefni. Hreinar skurðarolíur (jarðefnaolíur) eru notaðar óblandaðar og hafa því minni kælieiginleika en þeytur og synþetiskir vökvar með vatn sem grunnefni. Hins vegar eru smureiginleikar þeirra venjulega betri. Það dregur úr hitamyndun við málmvinnsluna og þar af leiðandi er minni þörf fyrir kælingu. Mismunandi styrkleikastig EP-/háþrýstibætiefna eru notuð til að bæta smureiginleika enn frekar. Við vinnslu á gulmálmum og lítt hertu stáli þegar hætta er á að skurðarvökvinn eða -olían leki inn í smurkerfi vélarinnar, er oft notuð samsett skurðar- og smurolía. Þannig olía er jafnvíg sem smur- og vökvakerfisolia á vélina og sem skurðarolía. Nánari upplýsingar um sérhæfðar skurðarolíur veitir fyrirtækjasvið Skeljungs hf.						



Táknlyklar DIALA
A = Samkvæmt ASTM staðli
G = Gasdempun
I = Samkvæmt IEC staðli
U = Óhömluð
X = Hamlandi
Z = Einangrunarolía

Spennubreyta- og rofaolíur	ISO	Seigja cSt		Seigju- tala	Blossamark CoC°C	Rennslis- mark °C
		40°C	100°C			
Diala S3 ZX IG (hét áður Diala DX) Naftaolía með sérlega góða einangrunareiginleika. Olían hefur mjög stöðuga efnaeiginleika og endist því árum saman, þolir mjög vel lágt hitastig. Notuð til einangrunar og kælingar á olíufyllta rafmagnsrofa, spennubreyta, aflrofa, röntgentæki o.fl. Diala S3 er án polychlorinated biphenyls (PCB). Gæðastaðall: DIN 51353 (Silver Strip Test) ASTM D 1275, IEC 62535, ASTM D 1275B, IEC 60296, Baader DIN 57370-1. Sjá tækniblað.	 	8	1100 -30°C	-	136 (PMCC)	-57
Diala S2 ZU-I (hét áður Diala B) Naftaolía með sérlega góða einangrunareiginleika. Olían hefur mjög stöðuga efnaeiginleika og endist því árum saman, þolir mjög vel lágt hitastig. Notuð til einangrunar og kælingar á olíufyllta rafmagnsrofa, spennubreyta, aflrofa, röntgentæki o.fl. Diala S2 er án polychlorinated biphenyls (PCB). Gæðastaðall: DIN 51353v (Silver Strip Test) ASTM D1275. IEC 62535 og ASTM D 1275B.	 	9,4	940 -30°C		144 (PMCC)	-57
Hverfilolía	ISO					
Turbo T Háþróuð paraffinolía fyrir gufu-, gas- og vatnstúrbínur, gangráða og forþjöppur dieselvéla. Einnig til að smyrja legur rafmótora, rafala og í sveifarhús á hraðgengum gufuvélum. Olían er án zinks, efnabætt gegn tæringu og súrnun, olían skilst vel frá vatni og lofti. Gæðastaðlar: DIN 51515 Part 1&2, ISO 8068, Siemens TLV 9013 04 & TLV 9013 05, Alstrom Power Turbo HTGD 90-117, Man Turbo SP 079984 D0000 E 99, Cincinnati Approvals P-38 (32) P-55 (T 46) P-54 (68) o.fl Sjá tækniblað. General Electric GEK 28143b-typ1 1 (32), GEK 28143b Type 2 (46), 4650E, Siemens Westinghouse 21T0591 & PD 5512573.	32 46 68 100	32 46 68 100	5,2 6,6 8,5 11,4	- - - -	215 220 240 250	-12 -12 -9 -9
Suguolía (Vacuumdælur)	ISO					
Vacuum Pump Oil S2 R100 (hét áður Corena V) Sérhreinsuð smurolía fyrir vacuumdælur. Olían er byggð á jarðefnaolíu sem er efnabætt til að varna tæringu og súrnun. Vinnusvið, undirþrýstingur allt að 0,0001 mBar 100°C. Gæðastaðall: ISO 6743-3A-DVC.	100	108	11,8	-	265	-9
Sleða og spindilolía	ISO					
Tonna S3 M (hét áður TonnaS) Sleðaolía og einnig alhliða olía til að smyrja spindla, gíra og legur í flestum gerðum iðnaðarvéla. Hentar vel til að smyrja sleða með gerviefnahúðuðum flötum. Olían varnar svokölluðu stick-slip í vökvabúnaði. Gæðastaðlar: Cincinnati Machine P-50 (32), P-47 (68) ISO 11158 / ISO 6743-4 HM og HG, ISO 12925-1 / ISO 6743-6 CKC, ISO 19378 / ISO 6743-13 GA og GB, DIN CGLP.	32 68 220	32 68 220	5,4 19,2 19,2	100 105 98	215 235 255	-30 -24 -21
Varmaflutningsolía	ISO					
Shell Heat transfer oil S2 (hét áður Termina B) Varmaflutningsolía (hitunarmiðill) fyrir lokuð upphitunarkerfi með hringrás, hitastig allt að 320°C. Notkun t.d. upphitun á svartolíu, asfalti og öðrum hitagjöfum sem nota olíu til að flytja varma. Suðumark 360°C. Gæðastaðall: ISO 6743-12 Q, DIN 51522.		25	4,7	-	230	-12

Smurfeiti fyrir matvælaíðnað	NLGI tala	Grunnur	Dropa- mark °C	Seigja grunnolíu mm/s 40°C	Vinnu- hitastig °C
Shell Cassida er samnefni á röð synþetískra, hágæða lyktar- og bragðlausra smurefna sem eru sérþróuð fyrir matvælaíðnaðinn og eru notuð þar sem smurefni getur vegna leka komist í lítilsháttar snertingu við matvæli. Shell Cassida smurefnin hafa meiri gæði, betri smureiginleika og endast lengur en vörur sem eru viðurkenndar fyrir matvælaíðnaðinn og eru gerðar úr lyfjahvítolíum.					
Öll Cassida smurefnin eru viðurkennd skv. staðlinum US FDA Group 21 CFR 178.3570, NSF H1 (Lubricants with incidental food contact). Öll Cassida smurefnin eru fullkomlega blandanleg smurefnum úr jarðolíu og hafa ekki áhrif á olíupólin pakkningaefni.					
Cassida EPS 2 Cassida EPS 2 er hágæða EP* alhliða feiti fyrir kúlu-, kefla- og skriðlegur, sleða, valsa o.s.frv. Ver gegn tæringu og sliti við mikið álag. Stenst vel vatnsskolun, einnig við notkun alkalískra hreinsiefna.	2	Ál komplex	240	220	-35 til +120
Cassida RLS Cassida RLS er hágæða alhliða feiti fyrir smurkerfi og feiti-fyllta gíra, kúlu-, kefla- og skriðlegur, sleða, valsa o.s.frv. við venjulegt álag. Ver gegn tæringu og sliti undir venjulegu álagi. Stenst vel vatnsskolun, einnig við notkun alkalískra hreinsiefna. Eftir háþrýstipvott verður hins vegar að smyrja vel þær legur sem lenda í þvottinum.	00 2 Spray	Ál komplex	>200 >240	100 150	-45 til +100 -35 til +120
Cassida HDS Cassida HDS 2 er EP* feiti gerð úr þykkri, synþetískri grunnolíu. Ver gegn tæringu og sliti. Feitin er einkum notuð á hæggengar legur sem vinna við sérlega mikinn hita og/eða þrýsting. Hentar ekki í hraðgengar legur eins og í mótorum eða dælum. Cassida HDS 2 stenst vatnsskolun sérlega vel, einnig við notkun alkalískra hreinsiefna. Eftir háþrýstipvott verður hins vegar að smyrja vel þær legur sem lenda í þvottinum. Ath. ekki lagervara.	2	Ál komplex	240	800	-30 til +120
Cassida LTS Cassida LTS 1 er synþetísk lághitafeiti fyrir kúlu-, kefla- og skriðlegur og önnur smurverkefni á hitasviðinu -50 til +80°C. Sérlega góð í frystiklefum við mjög lágt hitastig. Feitin er einnig notuð sem tæringarvörn og sem þétti- og sleipiefni á pakkningar og gengjur. Stenst vatnsskolun og ver gegn tæringu. Ath. ekki lagervara.	1	Ál komplex	>240	20	-50 til +80

* EP = Extreme pressure (háþrýstings-)

Eiginleikar smurfeiti

Feiti hefur marga kosti samanborið við olíur:

- Vegna þéttleika síns helst feitin kyrr á smurstaðnum og rennur ekki frá þegar tækið stöðvast. Þannig eru fletir varðir gegn ryði og tæringu, jafnvel á meðan tækið stendur
- Feitin þéttir og hindrar að óhreinindi berist inn á smurstaðinn
- Fyrirkomulag er einfaldara en við olíusmurningu
- Ókostur við feiti er að hún leiðir ekki varma frá smurstaðnum eins og olía. Feiti á heldur ekki að nota þegar snúningshraði er mjög mikill

Feitin inniheldur:

- Grunnolíu, sem er stór hluti feittinnar og leggur til helstu smureiginleika hennar
- Þykktarefni (einnig nefnt sápa eða grunnefni), bindur olíuna líkt og svampur. Þykktarefni er 5-15% af tilbúinni feiti
- Bætiefni, sem gefa feitinni sérstaka eiginleika

Grunnolían er valin eftir notkunarviði. Hún getur verið valin til

að smyrja heita vélarhluta, eða til að vera léttfljótandi í köldu umhverfi. Grunnolían getur verið þunn eða þykk, allt eftir því hvort létt á að vera að dæla henni og/eða hvort hún þarf að þola titring.

Feiti er oftast flokkuð eftir gerð þykktarefnisins. Gerðirnar eru margar, t.d. málmsápur eins og litíum, kalsíum og natríum en einnig ólífræn og lífræn sambönd. Hin margvíslegu þykktarefni hafa hvert sína eiginleika:

- Ólífræn feiti hefur mikið hitaþol, er vatnspólin og rennur ekki
- Kalsíumfeiti þolir bæði vatn og sýrur, hún þolir illa hita en heldur vel mýkt í kulda
- Natríumfeiti hentar vel sem girfeiti vegna stöðugleika seigju, en er ekki vatnspólin
- Litíum er algengasta grunnefni í feiti til almennra nota og þolir bæði hita, kulda og vatn
- Litíumkomplex (fjölþætt efnasamband litíums) gefur enn víðara vinnuhitasvið feittinnar

Alhliða smurfeiti	NLGI tala	Grunnur	Dropa- mark °C	Seigja grunnolíu mm/s 40°C	Vinnu- hitastig °C
Gadus S2 V220 (hét áður Alvania EP) Alhliða EP* blýlaus feiti fyrir skriðlegur, kúlu- og keflalegur, rafmótora o.fl. Feitin hefur stöðuga efnæiginleika, hentar vel í titrandi umhverfi og þolir mikið þrýstiálag. Gæðastaðlar: ASTM D4950-08 LB.	1 2	Litium Litium	180 180	220 220	-20 til +100 -20 til +100
Gadus S3 V220 C (hét áður Retinax LX) Hitapolin feiti ætluð í legur og fl. Feitin er úr háþrúðu litíumkomplex grunnefni sem er efnabætt með EP bæti-efnum sem hindra slit við þrýsting og höggálag. Feitin heldur eiginleikum sínum vel við háan hita veitir góða vörn gegn tæringu og vatnsskolun. Alhliða smurfeiti fyrir kúlu og keflalegur, liði og fóðringar. Litur: Rauður. Gæðastaðall: ASTM D4950-07 GC-LB.	2	Litium Komplex	240	220	-30 til +130
Gadus S2 V220AC (hét áður Alvania WR) Alhliða vatnspolin EP* feiti sem þolir mikið þrýstiálag, ver gegn sliti, heldur eiginleikum vel. Er sérstaklega gerð fyrir vatnsaga og titring. Hentar vel sem stefnisrörafeiti. Litur: Rauður. Gæðastaðlar: DIN 51502 KP2K-20, ISO L-XBCEB.	2	Litium/Kalsíum	175	220	-20 til +130
Gadus S3 A 1300C (hét áður SRS 4000) Rauð Heavy Duty kalsíum feiti með mikla viðloðun og vatnspól, hentar vel sem undirvagnsfeiti í liði og fóðringar, dráttarstóla, krana og fl þar sem krafist er langrar endingar. Feitin er ekki ætluð í legur.	2	Kalsíum/ Polymer styrkt	140	1300	-25 til +110
Gadus Wirerope T (hét áður Malleus HDX) Límkennd EP* smurfeiti með grafit fyrir opin drif, tannstengur, núningsfleti og í sumum tilvikum til að bera á stálhluti og sverari keðjur. Inniheldur grafit til slitvarnar. Loðir vel við málma og hægt að bera á jafnt þurra sem blauta fleti.	0,5	Óorganísk	Ekkert	2000	-10 til +150
Gadus S3 Wirerope T Spray (hét áður Malleus HD) EP* smurfeiti í úðabrusum fyrir opin drif, tannstengur, núningsfleti og í sumum tilvikum grófari keðjur. Ver gegn ryði.	000	Óorganísk	Ekkert	345	-30 til +150
Gadus S3 T220 (hét áður Stamina EP) Alhliða hágæða EP langtíma smurfeiti, blanda af grunnolíu og diurea, ætluð í legur við mikið álag og hita, t.d stærri rafmótora og stærri legur. Feitin er ljósbrún og án þungmálma, (blý, Barium og Nitrite).	2	Diurea	260	220	-10 til 160 Max 180
Gadus S5 T 460 (hét áður Stamina HDS) Hágæða, háhita, langtíma vatnspolin feiti fyrir mikið álag, t.d legur og fóðringar við lagan snúning, feitin er blanda af synþetiskri olíu og diurea, og gefur góða vörn gegn tæringu og sliti. Feitin er ljósbrún og án þungmálma, (blý, Barium og Nitrite).	1,5	Diurea	250	460	-40 til 180
Gadus S2 V145KP (hét áður Retinax EPL) Alhliða EP feiti fyrir bílaiðnað, feitin er ætluð í legur og aðra slithluti. Feitin hentar sérlega vel í kulda. Hún er blanda af mineralolíu og Lithium. Feitin er án þungmálma. Viðurkennd af Mercedes Benz og Man (MB 227).	2	Lithium	180	145	-35 til 120

* EP = Extreme pressure (háþrýstings-)

Smurefni fyrir skip og báta

Táknlyklar

-  Verksmiðjuvélar
-  Langur líftími
-  Vatnsagi / Bleyta
-  Færanleg vinnuvél
-  Mjög mikið álag
-  Högg álag
-  Hátt hitastig
-  Lágt hitastig
-  Lokaður gir
-  Snigildrif
-  Skrúfupressa
-  Hreyfanleg pressa
-  Loftpressa
-  Lega
-  Kúlu-/ keflalegur
-  Ofinn virkapall
-  Rafmótor
-  Spennir
-  Fólksbílar
-  Minni fólksbílar
-  Pallbílar
-  Jeppar
-  Stærri bílar / Flutninga
-  Rútur
-  Pungaflutningabílar
-  Pungaflutningabílar
-  Vinnuvélar
-  Dráttarvélar
-  Minni mótorhjól
-  Stærri mótorhjól
-  Torfærumótorhjól



Smurolíur fyrir skip	SAE	Seigja cSt		Seigju- tala	Blossamark CoC°C	Rennslis- mark °C
		40°C	100°C			
Argina er sérstaklega þróuð smurolía fyrir strokk- og sveifarhússmurningu í aflmiklum, meðalhraðgengum dieselvélum, efnabætt til aukins hitapols, gegn sliti, ryði, skúmmyndun og súrnun. Olían er hreinsandi, leysir vel óhreinindi og heldur þeim í fljótandi formi. Argina T hentar sérstaklega fyrir stórar meðalhraðgengar vélar sem nota eldsneyti með um og yfir 2,5% brennisteinsinnihaldi, einnig fyrir tvígengisdieselvélar sem brenna gasolíu. Argina X hentar sérstaklega vel fyrir stórar meðalhraðgengar vélar sem brenna eldsneyti með um og yfir 3,5% brennisteinsinnihaldi. Sérstök burðarþolsaukandi bætiefni gefa Argina olíunum góða eiginleika gírolíu, þær henta því vel sem alhliða olíur um borð í skipum, þ.á.m. á niðurfærslugíra, forþjöppur, skiptiskrúfur, skutpípur og þilfarsbúnað.						
Argina T (TBN 30) Argina T hentar sérstaklega fyrir stórar meðalhraðgengar vélar sem nota eldsneyti með um og yfir 2,5% brennisteinsinnihaldi, einnig fyrir tvígengisdieselvélar sem brenna gasolíu. <i>Gæðastaðall: API CF.</i>	30 40	110 135	12,0 14,0	100 100	212 225	-18 -18
Argina X (TBN 40) Argina X hentar sérstaklega vel fyrir stórar meðalhraðgengar vélar sem brenna eldsneyti með um og yfir 3,5% brennisteinsinnihaldi. <i>Gæðastaðall: API CF.</i>	40	135	14,0	100	205	-18
Gadinia (TBN 12) Kjörolía fyrir jafnt strokk- og sveifarhússmurningu í afkastamiklum hraðgengum og meðalhraðgengum dieselvélum sem brenna gasolíu, með eða án forþjöppu. Gadinia er mótorolía í mjög háum gæðaflokki, gerð úr völdum grunnolíum og uppfyllir einnig ströngustu kröfur um gírolíur. Þannig hefur Gadinia einnig yfirburða eiginleika t.d. á niðurfærslugíra, skutpípur, loftþjöppur, margar gerðir vökvakerfa, þilfarsvélbúnað, forþjöppur og skiptiskrúfur. Bætiefni olíunnar veita öflugan vörn gegn tæringu af völdum saltvatns sem kann að komast í olíuna eða sýru sem myndast við bruna. Sérstök bætiefni tryggja mjög hreint sveifarhús og draga verulega úr útfellingum á stimpla og slífar, hindra slit t.d. á tannhjólum ventlakerfis og í niðurfærslugírurum, hindra skúmmyndun, súrnun og efnaklofnun í olíunni. <i>Gæðastaðlar: API CD/CF, FGZ 12.</i>	30 40	104 139	11,8 14,4	103 102	200 225	-18 -18
Gadinia AL (TBN 15) Hágæða smurolía fyrir afkastamiklar hrað- og meðalhraðgengar dieselvélar, sem brenna skipagásolíu eða gasolíu með brennisteinsinnihaldi allt að 0,5%. Gadinia AL er sérstaklega þróuð til að vinna gegn lakkmyndun í slífum. <i>Gæðastaðlar: Api CF, viðurkennt af: Rolls-Royce, Bergen Deutz AG, MAN B&W Diesel, AG Simplex (Compact Stern-tube Seals).</i>	30 40	94,5 140	11,4 14,3	- -	200 200	-18 -18
Rottella DD + 40 Sérstök olía fyrir Detroit Diesel tvígengisvélar. Olían er sérstaklega ætluð á GM Detroit Diesel serie 53, 71, 92 og 149. Brennisteinsaska < 0,8%. <i>Gæðastaðlar: API CF ICF-II og Detroit Diesel 7SE 270 8810.</i>	40	138	14,4	103	250	-15

Stefniröraolía	SAE	Seigja cSt		Seigju- tala	Blossamark CoC°C	Rennslis- mark °C
		40°C	100°C			
Strombus MP Olía fyrir skutpípur og aðra vatnsmengaða smurstaði, einnig notuð á legur í opnum gufuvélum og sumar tegundir loftbora. Strombus olían heldur vel smureiginleikum sínum þó að hún blandist vatni.	-	273	-	-	200	-5
Smurfeiti – skip og bátar	NLGI tala	Grunnur		Dropa- mark °C	Seigja grunnolíu mm/s 40°C	Vinnu- hitastig °C
Gadus S3A 1300C (hét áður SRS 4000) Rauðfeiti, sérlega viðloðandi og vatnsþolin alhliða kalsíum- feiti. Sérstaklega ætluð þar sem álag er mikið, vatnsagi og miklar kröfur um langa endingu. (Ekki ætluð í legur). Litur rauður.	2 	Kalsíum Polymer styrkt  		140	800	-25 - +110 (120)
Gadus S2 V220 (hét áður Alvania EP) Alhliða EP blýlaus feiti fyrir skriðlegur, kúlu- og keflalegur, rafmótora o.fl. Feitin hefur stöðuga efnæiginleika, hentar vel í titrandi umhverfi og þolir mikið þrýstíslag. Gæðastaðlar: ASTM D4950-08 LB.	1 2 	Litíum Litíum    		180 180	200 200	-20+100 -20+100
Gadus Wirerope T (hét áður Malleus HD) Límkennd EP* smurfeiti með grafit fyrir opin drif, tann- stengur, núningsfleti og í sumum tilvikum til að bera á stál- hluti og sverari keðjur. Inniheldur grafit til slitvarnar. Loðir vel við málma og má bera á jafnt þurra sem blauta fleti.	0,5 	Óorganísk  		Ekkert	2000	-10+150
Gadus Wirerope T spray (hét áður Malleus HD) EP* smurfeiti í úðabrusum fyrir opin drif, tannstengur, nún- ingsfleti og í sumum tilvikum grófari keðjur. Ver gegn ryði.	000 	Óorganísk  		Ekkert	345	-30+150


* EP = Extreme pressure (háþrýstings-)

Seigja

Seigja segir til um hversu vel olían flæðir, einingin er mm²/s (cSt)


Seigja oliunnar við mismunandi hitastig

mm²/s Lógarítmískt graf



— Olía A (VI=100)
— Olía B (VI=365)

mm²/s Línulegt graf



Seigja

Venjan er að mæla seigju með því að láta olíuna renna í gegnum rör. Seigja þykk-
ustu olíanna er hinsvegar mæld með
öðrum aðferðum. ASTM D341 staðall-
inn leyfir heldur ekki að framreikna hið
hefðbundna lógarítmíska seigjuhitastigs-
graf fyrir hitastig undir -20°C. Við lágt
hitastig er í bílaiðnaðinum notast við hina
svonefndu Brookfield aðferð. Hún byggist
á því að mæld er snúningsmótstaða sem
skífa myndar þegar henni er snúið í olíu.
Venjulega þurfa hinir ýmsu smurstaðir/
kerfi lágmarksseigju. Ef þykkt oliunnar
er aukin, hækkar einnig hitinn í kerfinu
vegna innra viðnáms, hitastigshækkunin
leiðir svo aftur til þess að seigjan minnkar.

Seigjutala

Seigjutala (Viscosity Index; VI) segir til um
hvernig seigjan breytist með hitastiginu.
Því hærri sem seigjutalan er, þeim mun
minna breytist seigjan með hitastiginu.
VI getur verið neikvæð tala. Seigjutalan
ákvarðast af þeim seigjugildum sem mæld
eru við hitastigin +40°C og 100°C.

Staðlar og töflur

Það sem mælt er	Heiti einingar	Skammstöfun
lengd	metri	m
massi (þyngd)	kilógramm	kg
tími	sekúnda	s
rafstraumur	amper	A
Kelvinhiti*	gráður kelvin	K
ljósstyrkur	kerti (candela)	cd
efnismagn	mól (mole)	mol
flatarhorn	radian	rad
rúmhorn	steradian	sr
* Einnig er notað Celsius hitastig °C Hitastig á C = K-273,15		
Nokkur afleidd hugtök SI kerfisins		
Það sem mælt er	Heiti einingar	Skammstöfun
eðlismassi (mass density)	kilógrömm í rúmmetra	kg/m
flatarmál	fermetri	m ²
rúmmál	rúmmetri	m ³
tíðni	hertz	HZ
hraði	metrar á sekúndu	m/s
hröðun	metrar á sekúndu/sek	m/s ²
hornhraði	radian á sekúndu	rad/sek
hornhröðun	radian á sekúndu/sek	rad/s ²
kraftur	newton	N=KG m/s ²
skriðþungi	kilógramm mtr á sek	kg m s
hverfiþungi	kilógramm fermetrar á sek	kg m ² s
orka	joule	J
hverfitregða	kilógram fermetrar	kg m ²
kraftvægi	newton metrar	Nm
afköst, afl	watt	W
geislaskammtur	gray	Gy
geislavirkni	becquerel	Bq
ljósmagn	lumen	lm
lýsing	lux	lx
hreyfiseigja (kinematic viscosity)	fermetrar á sek *	m ² /s
orkuseigja (dynamic viscosity)	pascal sekúndur	Pa.s
varmaleiðni	watt á metra á gráðu Kelvin	W/(m°K)
* Þessi eining kallast Stoke (1 sentiStoke = 1 mm ² /s)		
Lengd Breyta úr	í	Margfalda með
Míli	km	1,6090
Mílu (sjómíla)	km	1,8533
Yardar	metra	0,9144
Fet	metra	0,3048
Tommur	cm	2,5400
Sentimetra	fet	0,0328
Metra	tommur	39,3700
Flatarmál Breyta úr	í	Margfalda með
Fermíliur ²	km ²	2,5900
Feryuad ²	m ²	0,8361
Ferfet ²	m ²	0,0929
Tommur ²	cm ²	6,4516
Rúmmál Breyta úr	í	Margfalda með
Barrel (tunna)	lítra	158,9900
Barrel	gallon (us)	42,0000
Gallon (US)	lítra	3,7850
Gallon (Imperial)	lítra	4,5460
Tommur ³	cm ³	16,3870
Tommur ³	lítra	0,0164
Fet ³	cm ³	0,0283
m ³	gallon (us)	264,1730
Kúbikyardar ³	m ³	0,7646
Kúbikfet ³	m ³	0,02832
Kúbiktommur ³	cm ³	16,387
Massi Breyta úr	í	Margfalda með
Pund	kg	0,4536
Kíló	pund	2,2046
Grömm	pund	0,0022
Únsa	grömm	28,3500
Grömm	únsu	0,0353

Eðlisþyngd Breyta úr	í	Margfalda með
Pund á rúmfet (lb/ft ³)	kg/m ³	16,0200
Pund á US gallon (lb/US gallon)	kg/m ³	119,8000
Kíló á rúmmetra (kg/m ³)	pund/fet ³	0,0624
Kraftur Breyta úr	í	Margfalda með
Pund (lbf, pound force)	N (newton)	4,4480
Þrýstingur Breyta úr	í	Margfalda með
Atm	kPa (kilopascals)	101,3000
Bar	kPa	100,0000
Pund á fertommu (lbf/inch ²)	kPa	6,8950
Pund á ferfet (lbf/ft ²)	Pa	47,8800
Loftþyngd (atm)	mm Hg (0°C)	760,0000
Loftþyngd (atm)	pund/fet ²	2116,3200
Loftþyngd (atm)	gramm / cm ²	1033,2880
Hraði Breyta úr	í	Margfalda með
Fet á sekúndu (Ft/s (fet / sek)	m/s	0,3048
Fet á mínótu (Ft/min)	m/s	0,0051
Míli á klst (mph/klst)	km/klst	1,6090
Hnútar (international)	km/klst	1,8520
Vinna, orka, hiti Breyta úr	í	Margfalda með
erg	J (Joule) (Nm)	10-7
ft lbf	J	1,3560
Hestöfl (hp h)	MJ (megajoules)	2,6850
Kílóvattstundir (k Wh)	MJ	3,6000
Therm	MJ	105,5000
Btu (British thermal units)	kJ	1,0550
Kílókaloriur (kcal)	kJ	4,1840
Afl Breyta úr	í	Margfalda með
Hestafl (hp)	W	745,7000
Hestafl (metric hp)	W	735,5000
erg/s	W	10-7
ft lbs/s	W	1,3560
Btu/ klst (btu/h)	W	0,2931
Kílókaloriur / klst (kcal/h)	W	1,1630
Orkuinnihald Breyta úr	í	Margfalda með
Btu/lb	kJ/kg	2,3260
Btu/gallon	kJ/m ³	37,2600
Kaloriur á millilítra (cal/ml)	j/cm ³	4,1840
Varmaflæði Breyta úr	í	Margfalda með
Kílókaloriur/klst (kcal/h)	W	1,1620
Btu/klst (Btu/h)	W	0,2931
Varmaleiðni Breyta úr	í	Margfalda með
Btu/ft h°F	W/m K	1,7310
Orkuseigja (dynamic viscosity) Breyta úr	í	Margfalda með
Centipoise (cP)	Pa.s (pascal sek.)	0,0010
Hreyfiseigja (kinematic viscosity) Breyta úr	í	Margfalda með
Centistokes (cSt)	m ² /s	10-6
Reikniregla til að breyta celsius í fahrenheit °F = 9/5 * (°C + 32)		
Reikniregla til að breyta fahrenheit celsius í °C = 5/9 * (°F-32)		

Staðlar


Staðlar eru viðmið sem segja til um hvaða kröfur hvert smurefni þarf að uppfylla til þess að gegna hlutverki sínu. Staðlar tryggja ákveðna eiginleika vöru og þjónustu, svo sem gæði, umhverfisáhrif, áreiðanleika, hagkvæmni, endingu og kostnað. Fjöl margir aðilar, opinberar stofnanir og samtök setja og ákvarða staðlana. Vélaframleiðendur setja fram kröfu um að olían uppfylli ákveðin skilyrði við ákveðna notkun, olíuframleiðendur keppast þá við að gera vöru sem stenst þessar kröfu eða staðal.

Helstu staðalar eru:

API: American Petroleum Institut almennt kallað API, en það er stærsta ameríska flokkunarfélagið fyrir olíu og jarðgas. Ef við listum upp í grófum þáttum gæðaflokkunarkerfið fyrir smurolíur og gírolíur þá líta staðlarnir svona út:

Fyrir bensínvélar (S í staðlinum þýðir bensín, aftari bókstafurinn eltir stafrófið)

API staðall	Gefinn út	skýring
SN	2011	Bætt hitaþol, betri varnir, betri nýtni, einnig fyrir E 85 eldsneyti, SN olíur uppfylla einnig ILSAC GF-5 staðal.
SM	2004	Bætt slit og tæringarvörn og aukin gæði við lágt hitastig. Sumar af þessum olíum sem uppfylla SM staðal uppfylla einnig ILSAC staðal.
SL	2001	Bætt hitaþol og minni smurolíubrennsla, sumar af þessum olíum sem uppfylla SL staðal uppfylla einnig ILSAC staðal, sjá nánar um ILSAC.
SJ	1997	Bætt vörn gegn súrnun og útfellingum, fosfór max 0,1%.
SH	úrelt	1996 og eldra.




Fyrir dieselvélar (C í staðlinum þýðir diesel)

API staðall	Gefinn út	skýring
CJ-4	2007	Olían stenst mengunarreglur 2007, EGR afgangloki og sótagnasía.
CJ-4 Plus	2004	EGR afgangloki, og enn meiri sótmeðhöndlun.
CI-4	2002	Olían stenst mengunarreglur 2004, EGR afgangloki, sótmeðhöndlun, yfirtekur CD, CE, og CG-4.
CH-4	1998	Olían stenst mengunarreglur 1998, yfirtekur CD, CF-4 og CG-4.
CG-4	1994	Hraðgengar fjörgengis dieselvélar, stenst mengunarstaðla 1994, yfirtekur CD, CF-4.
CF	1994	Aukn vernd við hátt hitastigi, hærra brennisteinsinnihald í eldsneyti, yfirtekur CD.
CF-2	1994	Yfirtekur CD-II.
CF-4	1990	Úrelt (yfirtók CD og CE).

Súluritið sýnir í grófum dráttum mismuninn á API stöðlum CJ-4, 2007 og CF-4, 1990

1. Vörn gegn lakkmyndun í slífum
2. Slitvörn
3. Niðurbrot á sóti
4. Varnir gegn útfellingum á stimplum
5. Vörn gegn þykknun
6. Samhæfni í afgangmeðhöndlun
7. Tæringarvörn



API gírolíur – flokkarnir eru GL og MT

API flokkun	Staða	skýring
GL-1	Í gildi	Snekkjur og snigilgírar, óefnabætt smurolía mildar aðstæður
GL-2	Í gildi	Snekkjur og snigilgírar, bætt slitvörn
GL-3	Í gildi	Driföxlar, snekkjur, girkassar, mild háþrýstibætiefni
GL-4	Í gildi	Fyrir hypoid drif og girkassa, mikill hraði lítið álag, lítill hraði mikið álag
GL-5	Í gildi	Fyrir hypoid drif og girkassa, mikill hraði höggálag, mikill hraði lítið álag, lítill hraði mikið álag
MT-1	Í gildi	Slitþolin (Heavy Duty) gírolía fyrir þungavinnugirkassa


ILSAC (International Lubricant Standardization and Approval Committee) gæðaflokkunarkerfi fyrir vélar í fólksbílum, þessi gæðaflokkur sameinar API og SAE gæðaflokkana. ILSAC var sett á stofn af bílaframleiðendum í Japan og Ameríku 1992, tilgangurinn var að þróa og að mæta nýjum reglugerðum um mengun, endingu og eldsneytissparnað.

Gæðaflokkarnir eru:

API staðall	Gefinn út	skýring
ILSAC GF-1	1992	Olían stenst API, SH staðal og uppfyllir EC-II mengunarreglugerð
ILSAC GF-2	1996	Tekur yfir GF-1, olían verður að uppfylla API, SJ staðal, EC-II mengunarreglugerðina, krafa um minni fosfórinnihald og hærra hitaþol
ILSAC GF-3	2001	Olían verður að standast API SL og EC-II reglugerðina, aukin krafa um líftíma olíunar og eldsneytissparnað
ILSAC GF-4	2004	Olían verður að standast API SM staðal og VIB eldsneytissparnaðarpróf (ASTM D6837)
ILSAC GF-5	2010	Aukin krafa um betri vernd og eldsneytissparnað, einnig fyrir vélar sem brenna E 85 eldsneyti. SAE 0W, 5W og 10W

Súluritíð sýnir í grófum dráttum mismuninn á ILSAC stöðlum GF-2 og GF-5

1. Niðurbrot á sóti
2. Slitvörn
3. Varnir gegn leðjumyndun
4. Varnir gegn útfellingum á stimplum
5. Vörn gegn þykknun
6. Eldsneytissparnaður
7. Samhæfni í afgangmeðhöndlun




ACEA: European Automobile Manufacturers Association var stofnað 1991 af bílaframleiðendum í Evrópu. ACEA var stofnað vegna aukinnar ábyrgðar stjórnvalda fyrir tæknilegum, efnahagslegum, félagslegum og lagaleg málefnum sem urðu til vegna nánari Evrópusamruna. Gæðaflokkar fyrir smurolíur eru í 3 liðum: A/B = Bensín vélar og léttbyggðar dieselvélar, C = léttbyggðar dieselvélar með hvarfakútum og E = þungavinnuvélar.

A= Bensínvélar, B= dieselvélar

API staðall	Gefinn út	skýring
A1/B1	2004	Staðall byggður á A1 og B1 frá 1996, kröfum síðan breytt 2008, (A1/B1-08) almennt ætlað eldri vélum.
A3/B3	2004	Byggt á stöðlum A3 og B3 frá 1996, breytist síðan 2008. A3/B3-08, helstu breytingar, aukin slitvörn, minni söt- og leðjumyndun.
A3/B4	2004	Byggt á stöðlum A3 og B4 1996 og 1998, uppfærður 2008 og er A3/B4-08, helstu breytingar á kröfum um aukna slitvörn, minni söt- og leðjumyndun
A5/B5	2004	Byggt á stöðlum A5 og B5 frá 2002, síðan er staðalinn uppfærður 2008 og ber heitið A5/B5-08. Helstu breytingar voru auknar kröfur um meirri slitvörn og leðjumyndun.

Súluritið sýnir í grófum dráttum mismuninn á ACEA stöðlum A1/B1 og A5/B5

1. Niðurbrot á sóti
2. Slitvörn
3. Varnir gegn leðjumyndun
4. Varnir gegn útfellingum á stimplum
5. Vörn gegn þykknun
6. Eldsneytisparnaður
7. Samhæfni í afgasmeðhöndlun



ACEA flokkur C vélar með sérstökum mengunarvörnum, PDF*, TWC*

Smurolíur í flokki C eru ætlaðar bensín- eða dieselvélum í fólksbílum og minni farartækjum sem eru búnar sótkornasíum eða 3 leiða hvarfakútum

API staðall	Gefinn út	skýring
C-1	2004	Staðall uppfærður 2007, C1-08. Helstu breytingar á HTHS 2,9* og SAPS*.
C-2	2004	Staðall uppfærður 2007, C2-08. Helstu breytingar, hærri mörk á súlfatösku, fosfór og brennisteini.
C-3	2004	Staðall uppfærður 2007, C3-08. Helstu breytingar HTHS 3,5 og aukin vörn gegn sóti.
C-4	2007	Staðall uppfærður 2008, C4-08. Helstu breytingar, minni fosfór, minni brennisteinn og minni súlfataska. C4-08 er tengdur RN 0720 (Renault).

***SAPS:** Sulphated Ash, Phosphours, Sulphur


***DPF:** Diesel Particulate Filter

***TWC:** Three way catalyst

***HTHS:** High temperature / High shear rate viscosity

Súluritið sýnir í grófum dráttum mismuninn á ACEA stöðlum C1, C2, C3, C4

1. Niðurbrot á sóti
2. Slitvörn
3. Varnir gegn leðjumyndun
4. Varnir gegn útfellingum á stimplum
5. Vörn gegn þykknun
6. Eldsneytissparnaður
7. Samhæfni í afgasmeðhöndlun



ACEA flokkur E stærri dieselvélur


API staðal	Gefin út	skýring
E-4	1999	Staðall uppfærður 2007 heitir nú E4-08, UHPD* olía, langtímaending, uppfyllir Euro I, Euro II mengunarstaðla.
E-6	2008	E6-08, UHPD* olía, Low SAPS* ætluð fyrir PDF*, SCR*EGR, aukin tæringarvörn, 10W-40 olíur, uppfyllir Euro I, Euro II, Euro III, Euro IV og Euro V mengunarstaðla.
E-7	2008	E7-08, SHPD* olía, SCR*, uppfyllir Euro I, Euro II, Euro III, Euro IIII og Euro V mengunarstaðla.
E-9	2008	E9-08, mid SAPS*, SHPD, DPF, EGR, SCR (15W-40), Uppfyllir Euro I, Euro II, Euro III, Euro IV, Euro V og Euro VI* mengunarstaðla.

***UPPD** = Ultra High Performance Diesel
SHPD* = Super Ultra High Performance
***SAPS** = Sulphated Ash Phosphorus, Sulphur

DPF* = Diesel Particulate Filter
***SCR** = Selective Catalytic Reduction
Euro VI* = Gera ráð fyrir að hún standist staðal


Súluritið sýnir í grófum dráttum mismunin á ACEA stöðlum E4 og E9

1. Vörn gegn lakkmyndun í slífum
2. Slitvörn
3. Niðurbrot á sóti
4. Varnir gegn útfellingum á stimplum
5. Vörn gegn þykknun
6. Samhæfni í afgasmeðhöndlun
7. Tæringarvörn



Samsetning smurolíunnar

Smurolía er samsett úr tvenns konar efnum, sem eru grunnolía og bætiefni. Bætiefnin eru allt að um 35% af tilbúinni smurolíu.



Grunnolía

Grunnolía getur verið jarðefnaolía eða synþetísk, en hvortveggja er unnið úr hráolíunni. Grunnolían á að flytja bætiefnin um smurkerfið við allar aðstæður og tryggja að „smurolían“ gegni hlutverki sínu um allan smurstaðinn. Hún þarf í senn að þola vélrænt álag og hitaálág. Almennt er að synþetísk olía sé betri en jarðefnagrunnolía, hún er stöðugri og þolir betur hita.

Jarðefnagrunnolía

- Hluti afurða hráolíueimingarinnar verður að smurolíu
- Öll óæskileg efni eru fjarlægð úr henni með áframhaldandi hreinsun

Synþetískar/alsynþetískar grunnolíur

- Auk þess sem óæskileg efni eru fjarlægð í eimingunni fer olían í margskonar efnaferð (þaðan kemur nafnið „synþetísk“ sem þýðir efnafræðilegt ferli)
- Mikilvægir eiginleikar eru innbyggðir og sameinda-keðjurnar eru klæðskerasaumaðar til að geta þolað hið mesta vélræna álag og háan hita. Þannig fæst mun meiri ending
- Synþetísk olía hefur háa seigjutölu

Hálfsynþetísk/semi-synþetísk olía

- Blanda af synþetískum og jarðefnagrunnolíum.


Bætiefni

Ýmsa eiginleika smurolíu er hægt að bæta umtalsvert með bætiefnum. Jarðefnaolía eldist venjulega við það að komast í snertingu við súrefni. Hún þykknar þá og verður óstöðug. Andoxunarefni eru sett í jarðefnaolíu til að hindra að hún gangi í efna samband við súrefni, þannig lengist ending olíunnar. Fyrir viðskiptavini þýðir það að skipta þarf sjaldnar um olíu og þar með meiri hagkvæmni. Annað dæmi eru sérstök hreinsiefni í mótorolíu, sem halda óhreinindum – sóti og slammi frá brunanum – uppleystum í olíunni. Þannig er komist hjá því að óhreinindin setjist til á viðkvæmum stöðum í vélinni. Sumir eiginleikar eru beint innbyggðir í synþetískar olíur.

Þetta voru aðeins tvö dæmi um bætiefni, sem notuð eru í smurolíur. Fjöldmörg fleiri eru til, af þeim eru eftirtalin algengust:

- **Tæringar-/ryðvarnarbætiefni;** vernda málmyfirborð gegn ryði og tæringu
- **Slitvörn/háþrýstibætiefni;** verja gegn sliti og miklu þrýstiálagi. Þar sem olían smyr ekki nægilega vel, mynda bætiefnin varnarlag á málmlötunum. Kallast gjarnan gírolíur með EP-bætiefnum (Extreme Pressure), og EP er oft hluti af nafni þessara smurefna
- **Bætiefni gegn skúmmyndun;** hindrar skúmmyndun í olíudælum og annars staðar
- **VI-Improver;** bætir rennsleiginleika olíunnar við breytilegt hitastig

Seigjuhugtakið



Síróp

Vatn

- Seigjan er að líkindum einn mikilvægasti eiginleiki olíunnar. Seigja er mælikvarði á hve þykk olían er, því þykkari, þeim mun meiri seigja. Háseigjuolía kallast því „þykk“ eða „þung“ og olía með litla seigju nefnist „þunn“
- Rétt þykkt olíunnar er mikilvæg, þar sem olían er það sem myndar fleytingu (aqua-planing) milli tveggja flata, sem hreyfast hvor gagnvart öðrum. Ef fletirnir hreyfast hratt (legur í bíl vél) fæst rétt fleyting með þunnri olíu, en ef þeir hreyfast hægt (stórir tannhjólágirar) er þykk olía betri

Seigjan breytist með hitastiginu!

- Þegar olía hitnar, þynnist hún og við kælingu þykknar hún. Þetta fyrirbæri þekkt einnig í uppþökuðum sósum
- Það er við vinnuhita sem seigja olíunnar verður að vera rétt. Til dæmis er vinnuhiti mótorolíu u.þ.b. 100°C og það er við þetta hitastig sem olían þarf að skapa fleytingu („aqua-planing“)
- Þykkt olíu er mæld í einingunni „centistoke“, cSt eða mm²/s. Þar sem olían er misþykk við mismunandi hitastig, verður að fylgja við hvaða hitastig slík centistoke mæling er gerð, svo hún hafi eitthvert gildi fyrir notandann

2 kerfi eru einkum notuð til að gefa upp seigju


a) SAE-kerfið

- Notað fyrir bifreiðaolíur (mótor-, gír- og drifolíur).
- Fyrir mótorolíur eru flokkarnir: 0W, 5W, 10W, 15W, 20W, 25W, 30, 40, 50 og 60. Samsvarandi fyrir gír- og drifolíur: 75W, 80W, 85W, 90 og 140. Þegar ein tala táknar seigju olíunnar, kallast hún einþykktarolía („single-grade“) og fjölþykktarolía („multi-grade“) þegar seigjan er táknun með tveimur tölum (t.d. 10W-40).
- 0W, 5W, 10W, 15W, 20W, 25W eru vetrargildi (winter) fyrir mótorolíur. Því lægri tölu sem w-olían hefur, þeim mun lægra hitastig þolir hún án þess að verða of þykk til að hægt sé að gangsetja mótorinn. Samsvarandi vetrargildi fyrir gír- og drifolíur eru 75W, 80W og 85W.
- 20, 30, 40, 50 og 60 eru sumargildi. Því hærri sem SAE tala olíunnar er, þeim mun meiri seigju hefur olían við venjulegan vinnuhita (100°C). 90 og 140 eru samsvarandi sumargildi fyrir gír- og drifolíur.

- Fjölþykktar mótorolía, eins og Shell Helix Ultra 5W-40 gefur til kynna að olían ráði við mjög lágt hitastig án þess að verða of þykk til að gangsetja vélina (5W), en er þó nægilega þykk við 100°C (40). Með öðrum orðum, fjölþykktarolíur breytast ekki meira en svo með hita-sveiflum að þær smyrja vel bæði við gangsetningu í kulda og þegar venjulegum vinnuhita er náð.

b) ISO VG-kerfið

- Notað um iðnaðarolíur (vökvakerfis-, gír-, loftþjöppu-olíur, o.fl.)
- Flokkarnir eru: 15, 22, 32, 46, 68, 100, 220, 320, 460, 680, 800 og 1000
- Seigja olíunnar við 40°C segir til um í hvaða flokk hún fellur, t.d. er Shell Tellus 46 vökvakerfisolia með þykktina 46 centistoke við 40°C
- Því hærri ISO VG flokkun olíunnar, þeim mun þykkari er hún



Taflan sýnir samhengið á milli ISO- og SAE seigju-flokkunarkerfanna.

Seigjutala (Viscosity index, skammst.: VI)

- Seigjutalan er mælikvarði á hve mikið seigja olíunnar breytist með hitastiginu og hún segir mikið um gæði olíunnar
- Því hærri sem seigjutalan er, þeim mun minna breytist seigjan með hitastiginu
- Há seigjutala, VI, er gæðamerki. Það á sérstaklega við mótorolíurnar að samhengi er á milli mismunandi gerða grunnolíanna og seigjutölunnar

Grunnolía í mótorolíu	Dæmigerðar seigjutölur, VI
Venjuleg jarðefnaolía	100-139
Gæða jarðefnaolía	140-159
Hálf-synþetísk/synþetísk að hluta	160-169
Alsýnþetísk olía	170-200

Vökvakerfisólía

Seigja

Seigja er mælikvarði á mótstöðu í vökva. Seigjan er einn mikilvægasti eiginleiki olíunnar sem hefur veruleg áhrif á rekstur kerfisins.

Ef notuð er háþrýstiolía sem er of þunn þá er þéttieiginleiki ekki nægilega mikill. Það leiðir oft til leka og aukins slit á hlutum. En ef háþrýstiolía er of þykk þá verður erfiðara að dæla olíunni í gegnum kerfið og getur dregið úr skilvirkni kerfisins. Allar vökvakerfisolíur verða að vera færar um að halda bestu seigjunni undir álagi hvort sem það er kalt eða heitt.

Þrýstipolstap

Þrýstipolstap er mælikvarði á hversu mikið magn minnkar vegna þrýstings. Þó að vökvaolíur séu í grundvallaratriðum ekki samþjappanlegar þá er samt sem áður örli til minnkun sem getur komið fram við vissu sviði á þrýstingi.

Þessi þrýstipolstöp aukast með hærri þrýstingi og hita og geta haft veruleg áhrif á vökvakerfið, sem síðar gæti valdið bilunum og að loftbólur myndist og því er mikilvægt fyrir háþrýstiolíu að hafa lágt þrýstipolstap.

Slitþol (Wear Resistance)

Slitþol er geta olíunnar til að draga úr sliti með því að mynda fleytingu. Olía sem inniheldur antiwear bætiefni myndar verndandi filmu á yfirborð málmsins, filman dregur úr núningi og mótstöðu. Antiwear bætiefni eykur smurhæfni og lengir líftíma búnaðar.

Oxunar stöðugleiki (tæring)

Oxunar stöðugleiki er mótspyrna sem háþrýstiolía þarf að hafa til að varna niðurbroti í efnahvörfum við blöndun á súrefni. Vökvakerfisolíur innihalda bætiefni sem vinnur gegn því að oxun eigi sér stað og tryggir stöðugleika sem lengir líftíma olíunnar. Án þessara bætiefna yrðu gæði háþrýstiolíunnar afar takmörkuð.

Hitastreymisstöðugleiki (Thermal Stability)

Hitastreymisstöðugleiki er hæfni til að standast niðurbrot við hátt hitastig. Antiwear bætiefnið eyðist með tímanum en þetta ferli eykst við hærri hitastig. Afleiðing af lélegu hitauppstreymisstöðugleika er myndun á leðju og lakki sem stíflar síur og lágmarkar flæði í kerfinu. Að auki, eins og þessi antiwear bætiefni þá brotnar hitastreymisstöðugleikinn niður við hátt hitastig og sýrur myndast sem gera síðan árás á málma í vökvakerfinu t.d dælur, stimpla og aðra kerfishluta.

Síuhæfni (Filterability)

Vatn getur blandast bætiefnum í vökvakerfisolíuni og myndað óuppleysanleg efni. Þessi óuppleysanlegu efni geta valdið því að lokar og síur stíflast smátt og smátt. Vökvakerfisolíur nútímans eru hannaðar með það fyrir augum að hægt sé að sía olíuna mjög fínt án þess að draga bætiefnin úr við síun, þessi bætiefni eru aðallega slitvörn, ryðvörn og froðuvörn.

Ryð og tæringarvörn

(Rust and Corrosion Protection)

Í mörgum vökvakerfum safnast daggarútfellingin smátt og smátt í botn forðatanksins, vökvakerfisolían hefur góða eiginleika til að skilja vatnið frá en smátt og smátt fer vatnið að hringrása með um kerfið og jafnvel samlagast bætiefnunum. Vatnið getur síðan valdið ryði og myndað veikar sýrur sem ráðast á málma. Vökvakerfisolía inniheldur bætiefni gegn ryði og tæringu.

Froðuvörn (Foam Resistance)

Vökvakerfisolía undir miklum þrýstingi getur innihaldið mikið magn af litlum loftbólum sem síðan blandast öðrum og stækka, þar með eru komin skilyrði til að mynda froðu. Froðan myndast ef loft eða gas þeytist með vökvakerfisolíuni. Ef froða myndast þá dregur það verulega úr smur- og þjapphæfni olíunnar.

Skiljun (Demulsibility)

Vatn sem blandast vökvakerfisolíu myndar oft ský í vökvænum. Ef þessi „skýjaði“ vökvi dreifist í gegnum kerfið þá eykst hættan á að ryð og tæring myndist. Demulsibility er hæfni olíunnar til að skilja vatn frá olíu. Mjög margar jarðolíur skilja vatnið frá, en vandamálið er að önnur bætiefni reyna að hindra aðskilnaðinn. Því þarf að setja inn mjög sérhæft bætiefni (demulsify) til að tryggja að þessi aðskilnaður gerist hratt og örugglega.

Stöðugleiki (Hydrolytic)

Þegar vökvakerfisolía kemst í snertingu við vatn þá er hættan á að vatnið samlagist bætiefnunum en þá getur það leitt til myndunar á sýru. Vökvakerfisolía sem skilur ekki vatnið frá hratt og örugglega er vandamál, stöðugleikanum er ógnað og það er einnig hættan á að óleysanleg ólífræn sölt myndist en þá er hættan á að síur og lokar stíflist og olíuflæðið takmarkast.

Þéttleiki vökvakerfisins

Lek vökvakerfi menga og eru yfirleitt illa á sig komin vélfræðilega séð. Það er til mikils að vinna að finna ástæður og skilja hvers vegna kerfið lekur, síðan er það áskorun fyrir viðkomandi að komast fyrir lekann. Flest vökvakerfi nota einhverskonar gúmmí í pakkdósir til að þétta. Efnisvalið á pakkdósum og þéttingum fer eftir aðstæðum og tilgangi kerfisins. Mjög algengt er að pakkdósir og þéttingar ofhitni við yfirálag, en við það harðnar efnið í þéttingunni og springur, einnig er mjög algengt að hlutir slitni hraðar þar sem óhreinindin ferðast um kerfið og valda allskonar gangtruflunum.

Rétt val á viðurkenndri gæða vökvakerfisolíu og rétt umhirða tryggir rekstraröryggi og hámarkar líftíma vélbúnaðar.

Framleiðendur vökvakerfa setja fram gæðakröfur um að viðkomandi vökvakerfi skuli nota ákveðinn staðal sem vökvakerfisolían skal uppfylla.

Vökvakerfisoliur – staðlar

Staðlar tryggja ákveðna eiginleika vöru og þjónustu, svo sem gæði, umhverfisáhrif, öryggi, áreiðanleika, hagkvæmni, endingu og kostnað.

Algengasti staðallinn fyrir vökvakerfisolíu er DIN (Deutsches Institut für Normung) og ISO (International Organization).

ISO-VG / SAE samanburðartafla

ISO VG	SAE seigjuflokkar	
	Mótorflokkur	Girflokkur
2		
3		
5	0W	
7		
10		
15		70W
22	10W	
32		75W
46	15W, 20W	
68	25W, 20	80W
100		85W
150	30	90
220	40	
320	50	140
460		250
680		
1000		
1500		

Margfeldistala	Forskeyti	
	Heiti	Tákn
10 ¹² = 1.000.000.000.000	tera	T
10 ⁹ = 1.000.000.000	glga	G
10 ⁶ = 1.000.000	mega	M
10 ³ = 1.000	kíló	k
10 ² = 100	hecto	h
10 ¹ = 10	deca	Da
10 ⁻¹ = 1 / 10	deci	d
10 ⁻² = 1 / 100	centi	c
10 ⁻³ = 1 / 1.000	milli	m
10 ⁻⁶ = 1 / 1.000.000	micro	μ
10 ⁻⁹ = 1 / 1.000.000.000	nano	n
10 ⁻¹² = 1 / 1.000.000.000.000	pico	p
10 ⁻¹⁵ = 1 / 1.000.000.000.000.000	femto	f
10 ⁻¹⁸ = 1 / 1.000.000.000.000.000.000	atto	a

Viðmiðunarhitastig 40°C

Dæmi um bókstafa merkingu í staðli


DIN 51524	Vökvakerfisolía byggð á jarðefnaolíu
H	Jarðefnaolía
HL	H + vörn gegn oxun og tæringu
HLP	HL+ slitvörn (DIN 51524-2)
HLPD	HLP + hreinsi og dreifiefni
HVLP	HLP + há seigjutala VI (DIN 51524-3)
ISO 6743-4	Vökvakerfisolía
HA	Sjálfskiptingar
HF	Eldhemjandi
HFAE	Blanda af olíu og vatni (uppleysanleg olía)
HFAS	Efnablanda og vatn
HFB	Blanda af vatni og olíu
HFC	Glycol grunnur
HFD	Synþetískur grunnur án vatnsefna
HFDR	Phosphate ester grunnur
HFDS	Chlorinated kolvatnsefni
HFDT	Blanda af HFDR og HFDS
HFDU	Önnur samsetning
HG	Sleðaolía
HH	Hreinsuð jarðefnaolía
HN	Kúplingar / Converter
HR	Há seigjutala (R&Q)
HV	Há seigjutala (AW)
HS	Synþetísk eldhemjandi
HL	R&Q
HM	Slitvörn

Smurfeiti

Smurfeiti er smurefni með **þykktareiginleika** allt frá að vera hálfhljóttandi upp í fast, og er af þeim sökum auðveldara að láta loða við smurstaði. Almennt má segja að smurfeiti sé notuð við þau smurverkefni, þar sem smurefnið þarf að vera kyrrt á smurstaðnum í lengri tíma og þar sem fljótandi smurolía myndi leka burt. Með mismunandi samsetningu þykktarefnis, grunnolíu og bætiefna er hægt að búa til smurfeiti með hina margvíslegustu eiginleika (stífleika, vatnspólni, hitaþol, smureiginleika).

Samsetning smurfeiti

Smurfeiti er samsett úr **grunnolíu** (venjulega 85-90%), **þykktarefni** (venjulega 10-15%) og **bætiefnum** (venjulega 5-10%). Með einföldum orðum má líkja smurfeiti við svamp, fylltan af smurolíu (grunnolíu og bætiefnum), sem smám saman gefur frá sér olíuna á smurstaðinn.




Grunnolían getur verið jarðefnaolía eða synþetísk olía, eftir því hvaða eiginleika feitin á að hafa.

Þykktarefnið gefur feitin stífleikann. Á tæknimáli kallast þykktarefnið gjarnan „sápa“. Í burðarefninu eða sápunni, eru sjálf grunnolían og bætiefnin bundin. Málmsápa er algengust en önnur þykktarefni (leir, grafit o.fl.) eru einnig notuð. Venjuleg handsápa er gott dæmi um aðra vöru, þar sem málmsápa er notuð, kalíumsápa – venjuleg handsápa – er venjulega búin til úr kalílút og dýra- eða jurtafitu.

Bætiefnin sem bætt er í smurfeiti eru samskonar og gegna sama hlutverki og þau bætiefni sem notuð eru í smurolíur (verja gegn sliti, tæringu, súrnun o.s.frv.).

Stífleiki smurfeitinnar

Með sama hætti og seigjan gefur þykkt smurolíunnar til kynna, eru notaðir um smurfeitina svonefndir NLGI flokkar (National Lubricating Grease Institute). Þeir segja til um stífleika feittinnar eða NLGI tölu. Smurfeitin er flokkuð eftir stífleika sem táknaður er með tölu. NLGI 00 stendur fyrir næstum fljótandi feiti og NLGI 5 er í nærri föstu formi. NLGI talan er venjulega hluti af vöruheitinu, t.d.: Shell Alvania EP 2.



Stífleikamæling á smurfeiti: Því mýkri sem feitin er þeim mun lengra sekkur keilan ofan í hana. Hörð feiti fær háa NLGI tölu, mjúk feiti fær lága NLGI tölu.

Nokkrir dæmigerðir feitismurstaðir:

- Legusmurning (dæmigerður stífleiki NLGI 2 og 3) t.d. hjóllegur í bíl og í rafmótorum
- Kerfissmurning þar sem feitin er dælt sjálfvirkt að smurstað (dæmigerður stífleiki NLGI 00 og 0). Notað t.d. í vinnuvélum, flóknum iðnaðarvélasamstæðum, færiböndum o.fl.
- Feitismurðir minni girðassar (dæmigerður stífleiki NLGI 00 og 0) t.d. við færibönd

Breytitafla fyrir rúmmál miðað við eðlisþyngd

Eðlisþyngd við 15°C kg/l	UK gall/ tonn	Lítrar/ tonn	Eðlisþyngd við 15°C kg/l	UK gall/ tonn	Lítrar/ tonn
0.790	279.06	1265.82	0.915	240.94	1092.90
0.795	277.31	1257.86	0.920	239.63	1086.96
0.800	275.58	1250.00	0.925	238.34	1081.08
0.805	273.86	1242.24	0.930	237.05	1075.27
0.810	272.17	1234.56	0.935	235.79	1069.52
0.815	270.50	1226.99	0.940	234.53	1063.83
0.820	268.85	1219.51	0.945	233.29	1058.20
0.825	267.22	1212.12	0.950	232.06	1052.63
0.830	265.61	1204.82	0.955	230.85	1047.12
0.835	264.02	1197.60	0.960	229.65	1041.67
0.840	262.45	1190.48	0.965	228.46	1036.27
0.845	260.90	1183.43	0.970	227.28	1030.93
0.850	259.36	1176.47	0.975	226.11	1025.64
0.855	257.85	1169.59	0.980	224.96	1020.41
0.860	256.35	1162.79	0.985	223.82	1015.23
0.865	254.87	1156.07	0.990	222.69	1010.10
0.870	253.40	1149.43	0.995	221.57	1005.03
0.875	251.95	1142.86	1.000	220.46	1000.00
0.880	250.52	1136.36	1.025	215.08	975.61
0.885	249.11	1129.94	1.040	211.98	961.54
0.890	247.71	1123.59	1.071	205.85	933.71
0.895	246.32	1117.32	1.170	188.43	854.70
0.900	244.96	1111.11	1.175	187.63	851.06
0.905	243.60	1104.97	1.180	186.83	847.46
0.910	242.26	1098.90	1.230	179.24	813.01

Taflan sýnir hve mörg UK gallon eða lítrar eru í hverju tonni, miðað við gefna eðlisþyngd við 15°C
UK gallon = Imperial gallon

Eldri nafnabreytingar á Rimula og Helix

VAR ÁÐUR	ER NÚ
Helix Super	Helix HX5
Helix Plus	Helix HX 7
Helix F	Helix HX 7AF
Helix Ultra X	Helix Ultra AV
Helix Diesel Plus	Helix Diesel HX 7
Rimula Ultra 5W-30	Rimula R6 LME 5W-30
Rimula Signia 10W-40	Rimula R6 LM 10W-40
Rimula Ultra 10W-40	Rimula R6 M 10W-40
Rimula Super FE 10W-40	Rimula R5 E 10W-40
Rimula Super 15W-40	Rimula R4 L 15W-40
Rimula X 10W-30	Rimula R3 Multi 10W-30
Universal 10W-30	Rimula R3 Multi 10W-30
Rimula X 10W	Rimula R3 10W
Rimula X 30W	Rimula R3+30

NAFNABREYTING Á SMUROLÍUM

SAMA OLÍAN - NÝ NÖFN

VAR ÁÐUR

Smurfeiti

Alvania EP(LF)	NGLI. 00, 0,1,2,3
Alvania RL	NGLI. 3
Alvania WR	NGLI. 2
Retinax HDX	NGLI. 1, 2
Retinax LX	NGLI. 1, 2, 3
SRS 4000	NGLI. 2
Retinax CS	NGLI. 00

Mótorhjólaolíur

Advance VSX 4
Advance Ultra 4

Loftþjöppu- og suguolíur

Corena AS
Corena AP
Corena D
Corena P
Corena V

Kælivélaolíur

Clavus
Clavus R
Clavus AB

Sjálfskiptiolíur

ATF 134
Donax TX
Donax TA
Donax TM
Formula Shell Multi ATV

Loftverkfæri

Torcula

VERÐUR

Gadus S2 V220

Gadus S2 V100

Gadus S2 V220AC

Gadus S2 V220AD

Gadus S3 V220C

Gadus S3 A 1300C

Gadus S4 V45AC

Advance 4T AX7

Advance 4T Ultra

Corena S4 R

Corena S4 P

Corena S2 R

Corena S2 P

Vacuum Pump Oil S2 R 100

Refrigeration Oil S2 FR-A

Refrigeration Oil S4 FR-F

Refrigeration Oil S4 FR-V

Spirax S6 ATF 134ME



Spirax S4 ATF HDX

Spirax S2 ATF D2

Spirax S1 ATF TASA

Spirax S4 ATF X

Shell Air Tool Oil S2 A 100



Táknlyklar

- Verksmiðjuvélar
- Langur líftími
- Vatnsagi / Bleyta
- Færanleg vinnuvél
- Mjög mikið álag
- Högg álag
- Hátt hitastig
- Lágt hitastig
- Lokaður gir
- Snigildrif
- Skrufupressa
- Hreyfanleg pressa
- Loftpressa
- Lega
- Kúlu-/ keflalegur
- Ofinn virkapall
- Rafmótor
- Spennir
- Fólksbilar
- Stærri bílar / Flutningab.
- Rútur
- Þungaflutningabílar
- Þungaflutningabílar
- Vinnuvélar
- Minni mótorhjól
- Stærri mótorhjól
- Torfærumótorhjól

Táknlyklar

- A = Vatnsagi / Bleyta
- B = Legur
- C = Litað
- D = Inniheldur agnir, hentar við högg-álag
- E = Orkusparandi
- G = Gir
- K = Lágt hitastig
- M = Verksmiðjuvélar
- OG = Opinn gir
- P = Hár þrýstingur
- R = Skrufupressa
- V = Alhliða notkun
- W = Snigildrif
- X = Mjög erfið skilyrði

VAR ÁÐUR

Drifrásar- og vökvakerfisólía

Donax TDS
Donax TD 5W-30
Donax TD 10W-30
Donax TC

Spennubreyta- og rofaolíur

Diala B
Diala DX

Gír- og drifolíur

Spirax ASX
Spirax AX
Spirax A 90 LS
Spirax GSX
Spirax GX
Spirax ST
Getriebeöl EP
Transaxie

Gír- og hringrásarolíur

Omala HD
Omala
Omala SW
Omala RL
Tivela S

Vökvakerfisólía

Tellus Arctic
Tellus S
Tellus T

Vængja- og verkfæraolíur

Tonna S

Smur- og hringrásarolíá

Morlina
Malleus

Mótor- og vökvakerfisólía

Harvella T
Harvella TX

VERÐUR

Spirax S6 TXME

Spirax S3 TLV

Spirax S4 TXM

Spirax S4 CX

Diala S 2 ZU-I

Diala S 3 ZX-i

Spirax S6 AXME

Spirax S3 AX

Spirax S2 ALS 90

Spirax S6 GXME

Spirax S3 G

Spirax S3 AS

Spirax S4 G

Spirax S5 ATE

Omala S4 GX

Omala S2 G

Omala S3 GP

Morlina S4 B

Omala S4 WE

Tellus S4 VX

Tellus S3 M

Tellus S2 V

Tonna S3 M

Morlina S2 BL

Gadus S3

Spirax S3 T

Spirax S4 TX

Táknyklar

- Verksmiðjuvélar
- Langur líftími
- Vatnsagi / Bleyta
- Færanleg vinnuvél
- Mjög mikið álag
- Högg álag
- Hátt hitastig
- Lágt hitastig
- Lokaður gír
- Snigildrif
- Skrufupressa
- Hreyfanleg pressa
- Loftpressa
- Lega
- Kúlu-/ keflalegur
- Ofinn virkapall
- Rafmótor
- Spennir
- Fólksbilar
- Stærri bílar / Flutningab.
- Rútur
- Pungaflutningabílar
- Pungaflutningabílar
- Vinnuvélar
- Minni mótorhjól
- Stærri mótorhjól
- Torfærumótorhjól

Táknyklar

- A = Vatnsagi / Bleyta
- B = Legur
- C = Lítað
- D = Inniheldur agnir, hentar við högg-álag
- E = Orkusparandi
- G = Gír
- K = Lágt hitastig
- M = Verksmiðjuvél
- OG = Opinn gír
- P = Hár þrýstingur
- R = Skrufupressa
- V = Alhliða notkun
- W = Snigildrif
- X = Mjög erfið skilyrði

Skammstafanir og orðskýringar

AGMA: American Gear Manufacturers Association, samtök sem þjóna framleiðendum gíra.

API: American Petroleum Institute, bandarísk olíurannsóknarstofnun sem gefur út staðla um mótör- og gírolíur.

Aromatar: Flokkur kolvetnissambanda, leysiefni. Venjulega óæskileg í smurefni vegna lítillar súrnunarmótstöðu og lágrar seigjutölu.

ASTM: American Society of Testing Materials, sjálfstæð stofnun í Bandaríkjunum sem prófar vörur og gefur út staðla fyrir þær.

Avgas: Aviation Gasoline. Flugvélabensín.

Blossamark: Það hitastig sem olían er við þegar kviknar í eimi frá henni ef eldur er borinn að.

Brunamark: Það hitastig sem vökvi (efni) þarf að hafa til að kvikni í honum þegar eldur er borinn að, mælt með COC aðferð.

Cetantala: Mælikvarði á hve hratt dieselolía brennur í dieselvél, því hærri tala því hraðar brennur olían.

CFPP: Cold filter plugging, sjá stíflumark.

Cloud Point: sjá móðumark.

COC: Cleveland Open Cup, tæki og aðferð við að ákvarða blossamark.

cSt: Senti-Stoke, mælieining fyrir seigju (þykkt vökva) hve vel hann rennur.

DEF: British Ministry of Defence Specification, staðlar frá bresku herstjórninni.

Density: Sjá eðlisþyngd.

DIN: Deutsche Institut für Normung, þýsk stofnun sem setur staðla.

DOT: US Department of Transportation, bandaríska samgönguráðuneytið, skammstöfun er notuð um staðla sem það gefur út, td hemlavökva.

Dropamark: Það hitastig sem smurfeiti er við þegar hún byrjar að skilja frá sér olíu (við upphitun), mælt við staðlaðar aðstæður.

DP: Annmarkastig gefa til kynna heildarástand olíu. Þau fela í sér bæði mengunartölu og dreifigildi. Fá annmarkastig benda til lítillar mengunar og mjög góðrar dreifingar óhreininda. Mörg annmarkastig benda til mikillar mengunar og/eða lítillar dreifingar.

Dælingarmark: Þegar smurolía kólnar, þá þykkar hún og þar að kemur að hún er ekki dælanleg með venjulegri olíudælu eins og er í vélum. Það hitastig sem olían er við þá er kallað dælingarmark.

Eðlisþyngd: Þyngd efnis á hverja rúmálseiningu. Alþjóðlega kerfið SI notar kg á rúmmetra, t.d. ef efni hefur eðlisþyngd 0,902 þá þýðir það að hver lítri efnisins vegur 0,902 kg = 902 grömm. Eðlisþyngd er ávallt gefin upp miðað við ákveðið hitastig, venjulega 15°C.

Eimunartölur: Hitastig sem vökvi er við þegar hann byrjar að sjóða og þegar allur vökvinn er gufaður upp. Oft

eru einnig gefnar upp tölur þar á milli og þannig fengin eimunarkúrfar.

Einþykktarolía: Þær olíur sem aðeins uppfylla kröfur um einn SAE þykktarflokk.

EP: Extreme Pressure, skammstöfun sem notuð er um olíur sem eru sérstaklega efnabættar til að þola mikinn þrýsting, t.d. gírolíur.

Feitar olíur: Hugtak notað um olíur unnar úr dýra- og jurtafeiti, stundum notað í smurefni til að minnka núning sviðnám þeirra.

Fire point: Sjá brunamark.

Fjölver: Rannsóknarstofa í eigu olíufélaganna, þar eru rannsökuð olíusýni og borin saman við staðla.

Fjögra kúlna próf: Próf sem notað er til að meta burðar- og slitvarnareiginleika smurefna. Kúla er sett ofan á þrjár skorðar kúlur og látin snúast undir álagi og smurt með efninu sem verið er að prófa.

Fjölþykktarolía: Olía sem fellur undir fleiri en einn SAE þykktarflokk t.d. 10W-40 olía.

Flash Point: Sjá blossamark.

FZG: Forschungstelle für Zahnrad und Getriebebau, þýsk rannsóknarstöð fyrir tannhjól og drif, þar sem m.a. eru rannsökuð smurefni og settar kröfur um smurhæfni þeirra.

FZG-test: Mikið notað próf þar sem tannhjól eru notuð til að mæla slitvarnareiginleika smurefna. Prófið skiptist í 12 stig og er 12. Stigið það erfiðasta.

Glussi: Vökvakerfisólía.

Grafit: Kolefni í kristallaformi, svart. Blandað í sumar gerðir af olíu og smurefnum

Grunnefni (sápa): Efni, sem auk olíu er uppistaðan í smurfeiti, og það sem gefur feitinni þykktareiginleika sína og um leið ýmsa smureiginleika. Feitin er almennt kennd við aðalþátt þykktarefnisins t.d. litíumfeiti o.s.frv.

Grunnolía: Uppistaðan í smurefnum. Grunnolían er ýmist unnin úr jarðolíu eða framleidd með efnafræðilegum breytingum á mismunandi jarðólum.

HD: Heavy Duty. Notað um olíur sem þola mikið álag.

HVI: High Viscosity Index, há seigjutala u.þ.b 80-100.

Hvítar olíur: Olíur (einnig feiti) sem notaðar eru við matvæla og lyfjaiðnað, þessar olíur er ekki skaðlegar þó það smitist olía eða feiti inn í matvælin / lyfin.

Hypoid: Sérstök gerð gírhjóla sem getur yfirfært mjög mikið afl. Hypoid gír gerir mjög miklar kröfur um smureiginleika olíunnar. Mikið notað í drif á bílum.

IATA: International Air Transport Association, Alþjóðasamband flugfélaga. Það gefur út ýmsar reglur og viðmið, þar á meðal staðla um eldsneyti og smurefni fyrir flugvélar.

IC: Mengunartala gefur til kynna hvað olían inniheldur mikið af sóti af völdum eldsneytisbrennslu. Hún er prósentutala af heildarþyngd olíunnar.

IP: Institute of petroleum, ensk stofnun sem setur staðla fyrir prófunsmurefna.

IPA: Skammstöfun á isopropylalcohol.

Non-soap Thickener: Hér er burðarefnið eða þykktarefnið gert úr lífrænum eða ólífrænum efnum eins og t.d kísil, leir, bentone, polyurea o.fl.

MD: Dreifigildi, minnkun dreifigildis bendir oftast til þess að bætiefnin í olíunni séu uppurin. Sé dreifiefnið gengið til þurrðar, getur það valdið því að sót haldist ekki lengur í grugglausn heldur falli til botns í sveifarhúsinu og valdi vandkvæðum í síubúnaði.

MON: Motor Octane Number, flokkun á oktantölu í bensíni, því hærri sem oktantala er því meiri samþjöppun þolir eldsneytið án þess að sjálfsíkveiking myndist. MON oktantala er mæld við 900 s/min í stað 600 sn/min eins og í RON mælingu. MON oktantala er almennt 8-10 stigum lægri en RON oktantala.

Monograde: Einþykktarolía.

MSDS: Material Safety Data Sheet, öryggisblöð fyrir efnið.

MTBE: Methyl Tertiary Butyl Ether, notað sem slagdeyfir í bensín.

PH gildi: Sýrustig mælt á kvarðanum 1 til 14. Efni telst vera hlutlaust í miðjun skalanum PH 7.

Fyrir neðan 7 er efnið súrt og fyrir ofan 7 er efnið basískt.

PMCC: Pensky-Martens Open Cup, aðferð til að mæla blossa- og brunamark í opnu íláti, venjulega lægra en PMOC.

PMOC: Pensky-Martens Open Cup, aðferð til að mæla blossa og brunamark í opnu íláti, venjulega herra en PMCC.

POT: Pneuro oxidation test, European Committee og manufactures of compressors, vacuum pumps and Pneumatic tools. Samtök evrópskra loftpressu-, loftdælu- og loftverkfæra framleiðanda hafa þróað aðferð til að mæla tilhneigingu olíu til að mynda kolefnisútfellingar í loftpressum. Lágt POT gildi þýðir minni tilhneiging til kolefnisútfellinga.

Pour Point: Sjá rennslismark.

PPM: Skammstöfun fyrir enska orðasambandið part per million: hluti af miljón. 1 ppm er einn miljónasti hluti.

Própan: Própan er heiti á gasi, LPG og hefur efnaheitið C3H8.

Rennslismark: Lægsta hitastig sem olía er við í fljótandi formi (venjulega u.þ.b 3°C herra en storkunarmark).

RON: Research Octane Number, flokkun á oktantölu í bensíni, því hærri sem oktantala er því meirri samþjöppun þolir eldsneytið án þess að sjálfsíkveiking myndist. RON oktantala er mæld við 600 s/min í stað 900 sn/min eins og í MON mælingu. RON oktantala er almennt 8-10 stigum hærri en MON oktantala.

SAN: Sterksýrutala, sterk sýra getur því aðeins myndast í efnabættum olíum að heildarbasatalan (TBN) sé komin niður í núll.

SAE: Society of Automotive Engineers, alþjóðleg samtök sem setja og þróa ýmsa staðla.

SBP: Special boling point, hugtak notað um rokgjarna vökva sem eimaðir eru úr jarðolíuni á þröngt afmarkað suðumarksbil. Þessir vökvar eru einnig kallaðir hreinsað bensín.

Seigja: Hugtak sem notað er við þykkt á vökva, algengast er að miða við tvennskona seigju, svokallaða hreyfiseigju og rokuseigju (kikinematic eða dynamic viscosity). Hreyfiseigja er mæld í einingunni senti-Stoke (cSt) og orkuseigja í einingunni senti-Piose (cP). Þessi seigjuhugtök tengjast eðlisþyngd vökvans þ.e. orkuseigja jafngildimargfeldi af hreyfiseigju og eðlisþyngd.

Seigjutala: Mælikvarði hve mikið seigja breytist með hitabreytingum. Olía og flestir vökvar þynnast eftir því sem hitastig hækkar. Há seigjutala þýðir að seigja vökvans breytist lítið við hitabreytingar, lág seigjutala táknar að seigjan breytist mikið.

SHPD: Super High Performance Diesel, hugtak notað um olíur sem gerðar eru fyrir sérstaklega afkastamiklar dieselvélar.

SI: SI einingakerfið, alþjóðlegt kerfi fyrir mælieiningar, þróað upp úr metrakerfinu.

Sjálfkveikimark: Það hitastig sem olían er við þegar kviknar í henni án þess að eldur sé borinn að.

Skerspenna: Það er álagið sem sameindavafningar fjölliðuefna verða fyrir þegar olían er í notkun. Skerspennan veldur því meðal annars að fjölliðurnar slitna og ummyndast á annan hátt, olían glatar um leið upphaflegum eiginleikum sínum. Dæmi um mikla skerspennu er í stjórnlokum vökvakerfa.

Smoke Point: Hæð á eldtungunni mæld í mm áður en bruninn veldur sóti eða fer að ósa, þessi mæling er notuð við lampaolíur.

Synthetic Thickener: sjá Non-Soap Thickener.

TAN: Heildarsýrutala, sýnir heildarmagn sýru í olíunni. Því örari sem hækkunin er, því meiri verður þörfin fyrir olíuskipti.

TBN: Heildarbasatalan er fyrst og fremst mælikvarði á eiginleika olíunnar til að eyða sterkum sýrum, sem myndast þegar brunaleifar blandast smurolíunni.

Viscosity: Sjá seigja.

Viscosity Index: (VI) sjá seigjutala.

WPI: Wear Particle Indes, magnið af segulmögnum ögnum í viðkomandi sýni.



Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Próstur Arnarson
Hönnun og umbrot: Ennemm
Prentun: Ísafold
Útgáfudagur: 10. maí 2012

Skeljungur er með olíudreifingarstöðvar á eftirfarandi stöðum:

Reykjavík

Umsjónarsvæði olíudreifingarinnar í Reykjavík (aðalstöðvar) eru um allt höfuðborgarsvæðið, Vesturland (nema Snæfellsnes), Reykjanesbæ og Garð á Suðurnesjum og Suðurland (athugið oliubíl á Suðurlandi).

- Þjónustuver Skeljungs
Sími: 444 3100

Snæfellsnes

Umsjónarsvæði olíudreifingarinnar á Snæfellsnesi nær um allt Snæfellsnes.

- Staðsetning: Rif
- Sími: 436 6500
- Oliubíll: 892 4369

Vestfirðir

Umsjónarsvæði olíudreifingarinnar á Vestfjörðum nær frá Hólmavík og um alla Vestfirði.

- Staðsetning: Ísafjörður
- Sími: 444 3141
- Farsími: 840 3141
- Oliubíll: 840 3141

Norðurland

Umsjónarsvæði olíudreifingarinnar á Norðurlandi nær frá Hvammstanga til Þórshafnar.

- Staðsetning: Akureyri
- Olíuafgreiðsla: 444 3161
- Vöruafgreiðsla: 444 3160
- Oliubíll Sauðárkróki: 840 3167

Austurland

Umsjónarsvæði olíudreifingarinnar á Austfjörðum er frá Höfn í Hornafirði allt norður að Mývatni.

- Staðsetning: Eskifjörður
- Sími: 444 3171
- Farsími: 840 3171

Suðurland

Umsjónarsvæði olíudreifingarinnar á Suðurlandi nær frá Hvolsvelli til Kirkjubæjarklausturs.

- Staðsetning: Vík
- Olíuafgreiðsla: 444 3100 (Reykjavík)
- Oliubíll: 864 7920

Vestmannaeyjar

- Olíuafgreiðsla: 444 3181
- Farsími: 840 3181
- Oliubíll: 840 3182

Suðurnes

Umsjónarsvæði olíudreifingarinnar á Suðurnesjum er eingöngu í Grindavík, Sandgerði og Vogum.

- Staðsetning: Grindavík
- Sími: 444 3131
- Farsími: 840 3131



Skeljungur

Þjónustuver Skeljungs

Pantanir:

Sími 444 31 00
pantanir@skeljungur.is
www.skeljungur.is

Skeljungur hf.
Borgartún 26, 105 Reykjavík
Sími 444 30 00

Allar nánari upplýsingar um smurliur og eldsneyti fást hjá Skeljungu hf.